

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVFRÓPU 2016

Dómareifanir

2. hefti 2016 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Oddný Mjöll Arnardóttir
Ritnefnd: María Thejll
Ásgerður Ragnarsdóttir

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2017 (júlí–desember)
© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Umbrot: Þorkell J. Sigurðsson
Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti er að finna áhugaverða dóma og ákvarðanir Mannréttindadómstóls Evrópu frá seinni hluta árs 2016. Dómarnir varða ýmis réttarsvið og geta haft þýðingu fyrir íslenska réttarframkvæmd.

Í heftinu er m.a. greint frá nokkrum fjölda dóma í útlendingamálum. Dómur yfirdeildar í máli *J.K. og fleiri gegn Svíþjóð* frá 23. ágúst 2016 er sérstaklega áhugaverður í þessu sambandi, en þar dró dómstóllinn saman fyrri dómaframkvæmd og setti í tíu liðum fram skýra leiðsögn um túlkun og beitingu 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þegar kemur að beinni eða óbeinni endursendingu hælisleitenda til upprunaríkis. Meðal þess sem slegið var föstu var að mat Mannréttindadómstólsins sjálfs á stöðu hælisleitanda er ávallt *ex nunc*, þ.e.a.s. á þeim tíma sem dómstóllinn tekur sína ákvörðun í málinu, og geta því nýjar upplýsingar sem fram hafa komið eftir að málsmeðferð lauk í landsrétti haft þýðingu við matið. Þá lagði Mannréttindadómstóllinn áherslu á að það væri ekki sitt hlutverk að taka ákvörðun um hvort hælisleitandi fengi hæli, heldur lyti mat dómstólsins að því hvort hælisleitandi hlyti réttláta málsmeðferð að landsrétti og að sú málsmeðferð fæli í sér nægilega tryggingu fyrir því að hann yrði ekki sendur í aðstæður sem fælu í sér „raunverulega hættu“ á pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (*refoulement*). Við mat á því hvort um raunverulega hættu sé að ræða beri annars vegar að meta stöðuna í því landi sem senda á viðkomandi til en hins vegar einstaklingsbundna þætti tengda hælisleitandanum. Meginreglan sé að sönnunarbyrði um einstaklingsbundna þætti hvíli á hælisleitandanum sjálfum, en að sönnunarbyrði varðandi aðstæður í heimaríki hvíli á ríkinu. Í ljósi þess hve hælisleitendum getur reynst erfitt að afla gagna frá landinu sem flúið er frá, geti skortur á skriflegum sönnunargögnum ekki verið ákvarðandi þáttur einn og sér, og oft þurfi að leyfa hælisleitanda að njóta vafans þegar trúverðugleiki framburðar og gagna er metinn. Eftir sem áður þurfi hælisleitandi að sýna fram á að hann sé í einstaklingsbundinni og raunverulegri hættu á illri meðferð sem farið geti í bága við 3. gr. sáttmálans. Í því sambandi tók Mannréttindadómstóllinn fram að þegar hælisleitandi geti sýnt fram á að hafa áður sætt slíkri meðferð sé það sterk vísbending um raunverulega hættu og þurfi ríki þá að sanna að hættan sé ekki lengur fyrir hendi. Dómur þessi mun án efa verða mikilvægt fordæmi í síðari dómaframkvæmd dómstólsins í málum hælisleitenda.

Í þessu hefti er einnig að finna reifun á dómi yfirdeildar í máli *A og B gegn Noregi* frá 15. nóvember 2016, en þar höfðu kærendur verið dæmdir til greiðslu skattaálags í stjórnýslumáli ásamt því að vera sakfelldir og dæmdir til fangelsisvistar í sakamáli. Þar reyndi á túlkun réttarins til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis, sbr. 4. gr. 7. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, en hliðstætt kerfi er við lýði að íslenskum lögum. Þegar þetta er ritað hefur Mannréttindadómstóllinn dæmt í íslensku máli um sama viðfangsefni, *Jóhannesson og fleiri gegn Íslandi* frá 18. maí 2017, en í þeim dómi var einmitt byggt á fordæmi *A og B gegn Noregi*.

Dómur yfirdeildar í máli *Magyar Helsinki Bizottság gegn Ungverjalandi* frá

8. nóvember 2016 er einnig fordæmisgefandi. Kærandi óskaði eftir upplýsingum um skipaða verjendur frá nokkrum lögregluembættum og var í tveimur tilvikum neitað um þær. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að um brot á 10. gr. sáttmálans væri að ræða og sló því þar með föstu að í tjáningarfrelsinu fælist einnig réttur til aðgangs að upplýsingum. Fleiri áhugaverða dóma mætti nefna en of langt mál væri að rekja efni þeirra í inngangi. Lesendum er þó sérstaklega bent á mál *W.D. gegn Belgíu* frá 6. september 2016 og mál *Werner gegn Þýskalandi* frá 1. september 2016, sem bæði vörðuðu skort á nauðsynlegri meðferð og aðstoð við frelsissvipta einstaklinga.

Laganemarnir Pálmi Þórðarson, Frigg Thorlacius og Olga Margrét Cilia unnu reifanirnar sem hér eru birtar en umsjónarmaður með heftinu var Ragna Bjarnadóttir.

Oddný Mjöll Arnardóttir

Efnisyfirlit

2. hefti 2016 (júlí – desember)

2. gr. Réttur til lífs

Paposhvili gegn Belgíu. Dómur frá 13. desember 2016 – Yfirdeild
(sjá reifun undir 3. gr.)

3. gr. Bann við pyndingum

Jeronovičs gegn Lettlandi. Dómur frá 5. júlí 2016 – Yfirdeild

Handtaka. Rannsókn. Raunhæf úrræði. Endurupptaka. Einhliða yfirlýsing. 9

J.K. og fleiri gegn Svíþjóð. Dómur frá 23. ágúst 2016 – Yfirdeild

Brottvísun. 10

Wenner gegn Pýskalandi. Dómur frá 1. september 2016

Fangi. Heilbrigðisþjónusta. Jákvæðar skyldur. Svigrúm til mats..... 12

Alimov gegn Tyrklandi. Dómur frá 6. september 2016

Brottvísun. Frelsisvipting. Útlendingar. Málsmeðferð. Raunhæf úrræði. . 14

W.D. gegn Belgíu. Dómur frá 6. september 2016

Frelsisvipting. Heilbrigðisþjónusta. Skortur á viðeigandi meðferð. Raunhæf úrræði. Leiðsögudómur..... 16

F.M. o.fl. gegn Danmörku. Ákvörðun frá 13. september 2016

Brottvísun til Ítalíu. Dyflinnarreglugerðin. Frávísun kær. 18

Muršić gegn Króatíu. Dómur frá 20. október 2016 – Yfirdeild

Aðbúnaður í fangelsi..... 19

Teufik Kazic o.fl. gegn Svíþjóð. Ákvörðun frá 29. nóvember 2016

Brottvísun. Heilbrigðisþjónusta. Frávísun kær. 20

Paposhvili gegn Belgíu. Dómur frá 13. desember 2016 – Yfirdeild

Heilbrigðisþjónusta. Brottvísun. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. 22

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 15. desember 2016 – Yfirdeild

Útlendingar. Vanvirðandi meðferð. Frelsisvipting. Raunhæf úrræði. Hópbrottvísun..... 24

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Buzadži gegn Moldavíu. Dómur frá 5. júlí 2016 – Yfirdeild

Gæsluvarðhald. Stofufangelsi..... 29

Alimov gegn Tyrklandi. Dómur frá 6. september 2016

(sjá reifun undir 3. gr.)
Málsmeðferð. Raunhæf úrræði. 30

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 15. desember 2016 – Yfirdeild

(sjá reifun undir 3. gr.)

Efnisyfirlit

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 13. september 2016

Sakamál. Aðstoð verjanda..... 31

Naku gegn Litháen og Svíþjóð. Dómur frá 8. nóvember 2016

Einkamál. Uppsögn. Aðgangur að dómstólum. 33

Lupeni Greek Catholic Parish o.fl. gegn Rúmeníu. Dómur frá
29. nóvember 2016 – Yfirdeild

*Einkamál. Aðgangur að dómstólum. Fyrirsjáanleiki. Málsmeðferðartími.
Mismunur á grundvelli trúarbragða*. 34

Jensen gegn Danmörku. Dómur frá 13. desember 2016

Einkamál. Aðgangur að dómstólum. Málskostnaður. 37

Sagvolden gegn Noregi. Dómur frá 20. desember 2016

Einkamál. Skriflegur máflutningur. Þvinguð sala íbúðar. 38

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dubská og Krejzová gegn Tékklandi. Dómur frá 15. nóvember 2016 – Yfirdeild

Heimafæðingar. Svigrúm til mats. Almannahagsmunir. 40

Salem gegn Danmörku. Dómur frá 1. desember 2016

Útlendingur. Brottvísun. Endurkomubann. Börn. Friðhelgi fjölskyldu. 41

Paposhvili gegn Belgíu. Dómur frá 13. desember 2016 – Yfirdeild

(sjá reifun undir 3. gr.)

Lindstrand Partners Advokatbyrå AB gegn Svíþjóð. Dómur frá
20. desember 2016

Rannsókn skattayfirvalda. Húsleit. Raunhæf úrræði. 43

Sagvolden gegn Noregi. Dómur frá 20. desember 2016

(sjá reifun undir 6. gr.)

10. gr. Tjáningarfrelsi

Magyar Helsinki Bizottság gegn Ungverjalandi. Dómur frá 8. nóvember 2016
– Yfirdeild

Réttur til aðgangs að upplýsingum. Meðalhóf. 44

M.P gegn Finnlandi. Dómur frá 15. desember 2016

Meiðyrði. Meðalhóf. 46

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Jeronovičs gegn Lettlandi. Dómur frá 5. júlí 2016 – Yfirdeild

(sjá reifun undir 3. gr.)

Alimov gegn Tyrklandi. Dómur frá 6. september 2016

(sjá reifun undir 3. gr.)

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 15. desember 2016 – Yfirdeild

(sjá reifun undir 3. gr.)

Efnisyfirlit

Lindstrand Partners Advokatbyrá AB gegn Svíþjóð. Dómur frá 20. desember 2016
(sjá reifun undir 8. gr.)

14. gr. Bann við mismunun

Mamatas o.fl. gegn Grikklandi. Dómur frá 21. júlí 2016

*Ríkisskuldabréf. Skerðing eignarréttar. Efnahagskreppa. Svigrúm til
mats.* 50

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Mamatas o.fl. gegn Grikklandi. Dómur frá 21. júlí 2016

(sjá reifun undir 14. gr.)

Bélané Nagy gegn Ungverjalandi. Dómur 16. desember 2016 – Yfirdeild

Almannatryggingar. Örorkulífeyrir. Meðalhóf. Svigrúm til mats. 52

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

Khlaifía o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 15. desember 2016 – Yfirdeild

(sjá reifun undir 3. gr.)

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

A og B gegn Noregi. Dómur frá 15. nóvember 2016– Yfirdeild

Tvöföld málsmeðferð vegna skattabrota. Ne bis in idem. 55

2. gr. Réttur til lífs

Paposhvili gegn Belgíu

Dómur frá 13. desember 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Bann við pyndingum. Heilbrigðisþjónusta. Brottvísun. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

3. gr. Bann við pyndingum

Jeronovičs gegn Lettlandi – Yfirdeild

Dómur frá 5. júlí 2016

Mál nr. 44898/10

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Bann við pyndingum. Handtaka. Rannsókn. Raunhæf úrræði. Endurupp-taka. Einhliða yfirlýsing.

1. Málsatvik

Kærandi, Viktors Jeronovičs, er lettneskur ríkisborgari, fæddur árið 1962. Hann situr nú í fangelsi í Lettlandi. Kærandi var handtekinn af lögreglunni árið 1998 og var dæmdur í níu ára fangelsi í september árið 2000. Hann kvartaði yfir því að hafa verið beittur meðferð í andstöðu við 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu við handtökuna af hálfu þeirra lögreglumanna sem að henni stóðu. Í kjölfarið var höfðað sakamál á hendur lögreglumönnum en því var vísað frá vegna skorts á sönnunargögnum. Árið 2001 lagði kærandi fram kæru við Mannréttindadómstól Evrópu (mál nr. 547/02) vegna brota á 3. og 13. gr. sáttmálans. Lettneska ríkið gaf í kjölfarið út einhliða yfirlýsingu þar sem það gekkst við brotum á 3. og 13. gr. sáttmálans og bauðst til að borga kæranda bætur. Á þeim grundvelli ákvað dómstóllinn, hinn 10. febrúar 2009, að taka málið af málaskrá sinni.

Í október 2010 krafðist kærandi endurupptöku á málunum fyrir lettneskum stjórnvöldum, þ.e. sakamálinu á hendur honum sjálfum og sakamálinu á hendur lögreglumönnum. Beiðni hans var hafnað á þeim grundvelli að skilyrði endurupptöku væru ekki fyrir hendi, einkum þar sem ekki var talið að áðurgreind einhliða yfirlýsing lettneska ríkisins gæti talist nýtt gagn í skilningi lettneskra laga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn rétti sínum skv. 3. gr og 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Kærandi hélt því fram að synjun yfirvalda um að taka aftur upp mál hans, þó að Mannréttindadómstóllinn hefði samþykkt einhliða yfirlýsingu lettneska ríkisins og þar með viðurkennt að brotið hefði verið á réttindum kæranda samkvæmt sáttmálanum, hefði falið í sér brot á rétti hans til að leita raunhæfra úrræða fyrir innlendum yfirvöldum.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók einungis til skoðunar kvörtun kæranda er laut að endurupptöku sakamálsins á hendur lögreglumönnum þar sem kvörtun kæranda varðandi sakamálið á hendur honum hafði verið vísað frá dómstólnum í fyrra málinu árið 2012.

3. gr. Bann við pyndingum

Kærandi hélt því fram að lettneska ríkinu hefði borið að rannsaka málið í ljósi þess að það hefði gengist við því að hafa brotið gegn 3. gr. sáttmálans í einhliða yfirlýsingu sinni. Ríkið hafnaði því að slík skylda væri til staðar. Dómstóllinn tók fram að hann hefði ekki tekið skýra afstöðu til þess í fyrri ákvörðun sinni hvort ríkinu bæri skylda til að rannsaka ásakanir betur og taldi því rétt að leggja nánara mat á niðurstöðuna úr fyrri málinu og yfirlýsingu lettneska ríkisins. Lettneska ríkið hélt því fram að þar sem það hefði greitt bætur til kæranda þá hefði það uppfyllt skyldur sínar. Dómstóllinn féllst ekki á það og tók fram að ef bætur ættu að duga í tilviki sem þessu myndi það draga úr réttarvernd 3. gr. sáttmálans

Dómstóllinn tók einnig fram að einhliða yfirlýsingar væru einungis notaðar í undantekningartilvikum. Þegar um væri að ræða brot á mikilvægum réttindum sáttmálans gætu aðildarríki ekki notfært sér þær yfirlýsingar til þess að komast hjá skyldum sínum. Bótageiðsla nægði ekki til að ríkið gæti sleppt því að rannsaka ásakanir á hendur lögreglunni. Þá gætu skilyrði í innlendri löggjöf ekki dregið úr skyldum lettneska ríkisins samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Það var því niðurstaða dómsins að með því að rannsaka ekki ásakanir kæranda á hendur lögreglumönnum hefði lettneska ríkið brotið á rétti kæranda skv. 3. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan í 41. gr. sáttmálans dæmdar 4000 evrur í miskabætur. Átta dómarrar skiluðu séráliti.

J.K. og fleiri gegn Svíþjóð – Yfirdeild

Dómur frá 23. ágúst 2016

Mál nr. 59166/12

3. gr. Bann við pyndingum

Bann við pyndingum. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, J.K., er íraskur ríkisborgari, fæddur árið 1964. Hann rak byggingar- og flutningafyrirtæki sem þjónustaði eingöngu bandaríska viðskiptavinum, en höfuðstöðvar fyrirtækisins voru í bandarískri herstöð. Í október 2004 gerðu meðlimir al-Qaeda tilraun til að ráða kæranda af dögum og rændu bróður kæranda á árinu 2005 og hótuðu honum lífláti vegna samstarfs kæranda við bandaríska herinn. Bróður kæranda var að lokum sleppt gegn greiðslu lausnarfjár.

Í kjölfar ofangreindra atburða flúðu kærandi, eiginkona hans og sonur til Jórdaníu þar sem þau dvöldu þar til í desember 2006 þegar tilraun var gerð til að sprengja heimili þeirra. Bandarísk yfirvöld handtóku gerandann sem játaði að hafa þegið greiðslu fyrir að ráða kærandann og fjölskyldu hans af dögum. Við yfirheyrslu greindi gerandinn frá sextán mönnum sem hafði verið skipað að fylgjast með ferðum kæranda og fjölskyldu hans. Kærandi og fjölskylda hans flúðu að nýju, í þetta sinn til Sírlands. Í janúar 2008 sneru kærandi og fjölskylda hans aftur til Bagdad en heimili og fyrirtæki kæranda hafði þá verið lagt í rústir af liðsmönnum al-Qaeda. Síðar það ár lést dóttir kæranda í skotárás.

3. gr. Bann við pyndingum

Í desember 2010 sótti kærandi um hæli og búsetuleyfi í Svíþjóð og síðar einnig eiginkona hans og sonur. Útlendingastofnun synjaði umsókn þeirra og taldi ekki skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis. Sú ákvörðun var staðfest af dómstólum.

Árið 2012 óskaði kærandi eftir endurskoðun á fyrri ákvörðunum og byggði hann ósk sína m.a. á því að hann sætti ofsóknum al-Qaeda-samtakanna vegna pólitískra skoðana sinna. Útlendingastofnun synjaði beiðninni. Kærandi leitaði ekki til dómstóla vegna þeirrar ákvörðunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brottvísun hans og fjölskyldu hans til Íraks fæli í sér brot gegn 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Niðurstæða

Par sem kæranda og fjölskyldu hans hafði ekki verið vísað úr landi var spurningin fyrir dómstólnum sú hvort ætluð brottvísun þeirra fæli í sér hættu á ofsóknum í ljósi þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru í Írak.

Dómstóllinn tók fram að yfirvöld útlendingamála hefðu komist að þeirri niðurstöðu á árunum 2011 og 2012 að öryggisaðstæður í Írak væru ekki slíkar að fyrir hendi væri almenn þörf á því að veita borgurum þess hælivernd og féllst dómstóllinn á það mat. Í ljósi þess að almennar öryggisaðstæður í Írak væru ekki slíkar að þær einar kæmu í veg fyrir brottvísun kæranda og fjölskyldu hans varð dómstóllinn að kanna hvort persónulegar aðstæður kæranda væru slíkar að brottvísun myndi samt sem áður fela í sér hættu á meðferð í andstöðu við 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók í fyrsta lagi fram að margir ættingjar kæranda hefðu orðið fyrir hótunum vegna fyrri athafna kæranda. Í öðru lagi vísaði dómstóllinn til þeirra atburða sem höfðu átt sér stað á árunum 2004 og 2010 og taldi hann framburð kæranda trúverðugan hvað þetta varðaði og studdan gögnum um ástandið í Írak. Í ljósi þessarar meðferðar taldi dómstóllinn að líkur hefðu verið leiddar að því að al-Qaeda héldi ofsóknum sínum áfram og að kærandi og fjölskylda hans væru í hættu yrði þeim vísað brott til Íraks.

Samkvæmt fyrirliiggjandi gögnum höfðu al-Qaeda-samtökin haldið áfam að beina spjótum sínum að samstarfsmönnum bandaríska hersins í Írak eftir lok stríðsins. Kærandi tilheyrði hópi manna sem á kerfisbundinn hátt sætti ofsóknum sökum tengsla sinna við bandaríska herinn og staðfest hafði verið að kærandi hafði orðið fyrir ofsóknum til ársins 2008. Samstarf kæranda og bandaríska hersins hafði enn fremur verið einstaklega sýnilegt í ljósi þess að starfsstöðvar kæranda höfðu verið í bandarískri herstöð. Ekkert benti til þess að lát hefði orðið á ógninni af hálfu al-Qaeda eftir að kærandi hætti samstarfi sínu við herinn. Í ljósi allra þessara upplýsinga komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að væri kæranda og fjölskyldu

3. gr. Bann við pyndingum

hans vísað úr landi og aftur til Íraks ættu þau á raunverulegri hættu á að vera ofsótt í andstöðu við 3. gr. sáttmálans.

Tók dómstóllinn jafnframt fram að nýjustu upplýsingar frá alþjóðlegum mannréttindasamtökum bentu til þess að möguleikum írakskra löggæslu- og réttarkerfisins til að vernda borgara sína væri ábótavant. Þó að réttarkerfið væri enn starfhæft hefðu gallar þess ágerst á árunum eftir 2010. Enn fremur hefði komið fram í skýrslum bandaríska utanríkisráðuneytisins að útbreidd spilling hefði grafið undan mannréttindavernd í Írak og að yfirvöld hefðu aðeins á takmarkaðan hátt komið í veg fyrir eða brugðist við ofbeldi. Aðstæður í Írak hefðu því versnað frá því á árunum 2011 og 2012 þegar yfirvöld útlendingamála í Svíþjóð tóku ákvarðanir í máli kærands enda hefðu yfirvöld í Írak enga stjórn á stórum svæðum þar í landi, m.a. vegna uppgangs ISIS.

Þar sem öryggisáðstæður í Írak voru taldar flóknar og viðkvæmar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að írösk yfirvöld hefðu takmarkaða getu til að vernda borgara sína. Þó að sú takmarkaða vernd væri mögulega nægjanleg fyrir almenna borgara væri hún ekki nægjanleg fyrir einstaklinga eða hópa sem væru skotmörk öfgahópa. Af þeim sökum var dómstóllinn ekki sannfærður um að írakska ríkið gæti veitt kæranda og fjölskyldu hans vernd.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kæranda og fjölskyldu hans stafaði raunveruleg ógn af því að vera vísað heim til Íraks og myndi brottvísun þeirra því fela í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi niðurstöðu sína um brot á 3. gr. fela í sér sanngjarnar bætur í skilningi 41. gr. sáttmálans vegna þess ófjárhagslega tjóns sem kærandi hefði orðið fyrir. Þá var sænska ríkinu gert að greiða kæranda 10.000 evrur vegna málskostnaðar.

Sjö dómarmar skiluðu séráliti.

Wenner gegn Þýskalandi

Dómur frá 1. september 2016

Mál nr. 62303/13

3. gr. Bann við pyndingum

Fangi. Heilbrigðisþjónusta. Jákvæðar skyldur. Svigrúm til mats.

1. Málsatvik

Kærandi, Wolfgang Adam Wenner, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1955. Hann hefur verið háður heróíni frá árinu 1973 og greindist með HIV árið 1988. Árið 2001 var örorka hans metin 100%. Kærandi hefur reynt að sigrast á fíkn sinni án árangurs. Á árunum 1991–2008 var fíknisjúkdómur hans meðhöndlaður með lyfjum og var hann undir eftirliti samhliða því. Árið 2008 var hann handtekinn vegna gruns um að selja fíkniefni og settur í gæsluvarðhald og fíknimeðferð hans þar með stöðvuð gegn vilja hans. Í júní 2009 var hann sakfelldur fyrir fíkniefnamisferli og dæmdur í sex ára fangelsi. Var hann jafnframt dæmdur til að gangast

3. gr. Bann við pyndingum

undir afeitrunarmedferð þegar hann væri búinn að aflplána sex mánuði af fangelsisdómnum. Í samræmi við það var hann færður á meðferðarstöð þar sem hann mátti þola fráhvörf en fékk engin lyf við þeim. Árið 2010 var tekin ákvörðun um að flytja hann aftur í fangelsið. Kærandi áfrýjaði þeirri ákvörðun en án árangurs þar sem ekki var talið að sýnt hefði verið fram á að unnt væri að lækna kæranda af fíkninni eða koma í veg fyrir að hann félli aftur í sama far. Í júní 2011 sendi kærandi beiðni til fangelsisýfirvalda um meðferð með staðgengislyfjum. Var beiðninni synjað á þeim grundvelli að slík meðferð væri hvorki nauðsynlegt né hentugt meðferðarúrræði fyrir kæranda. Bentu yfirvöld á að eftir sex mánuði í fíknimedferð og þrjú ár í fangelsi þjáðist hann ekki lengur af líkamlegum kvölum vegna fráhvarfa. Var sú niðurstaða staðfest af dómstólum.

Kærandi var látinn laus úr fangelsi í desember 2014. Var hann þá skoðaður af lækni sem sendi hann í meðferð með staðgengislyfjum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið á rétti sínum samkvæmt 3. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Þar sem honum hefði verið neitað um lyfjamedferð gegn fíkn sinni hefði hann orðið að þola miklar kvalir sem hefðu haft alvarleg áhrif á heilsu hans. Hann kvartaði einnig yfir því að synjun yfirvalda um að heimila honum að fá afstöðu utanaðkomandi lækni hefði falið í sér brot á 3. gr. sáttmálan.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þýska ríkið hefði vissulega ákveðið svigrúm til mats þegar valið væri á milli hentugra meðferða við fíkn á meðan kærandi sat af sér fangelsisdóm. Dómstóllinn gat ekki lagt mat á það hvort kærandi hefði í raun haft þörf fyrir staðgengislyfjamedferð en þurfti að ákvarða hvort ríkið hefði boðið upp á viðeigandi meðferð. Margt benti til þess að staðgengislyfjamedferð hefði verið viðeigandi úrræði fyrir kæranda. Hann hefði lengi barist við fíkn sína en innlendir dómstólar hefðu metið það svo að litlar líkur væru til þess að hann myndi lækna með öllu af henni. Í 17 ár hefði hann gengist undir staðgengislyfjamedferð. Tók dómstóllinn fram að samkvæmt skýrslu frá þýska heilbrigðisráðuneytinu væri staðgengislyfjamedferð besta mögulega úrræði fyrir þá sem þjáðst hefðu lengi af heróínfíkn. Sú meðferð væri einnig notuð í 41 af 47 löndum Evrópu og í 30 af þeim löndum væri boðið upp á slíka meðferð fyrir fanga, þ.á.m. í flestum fangelsum í Þýskalandi. Þá vísaði dómstóllinn til evrópsku fangelsisreglnanna og fleiri heimilda sem kváðu á um að fangar ættu rétt á sams konar meðferð og almennir borgarar. Loks hefði lækni utan fangelsisins mælt með því að kærandi fengi staðgengislyfjamedferð og hafði honum verið vísað í slíka meðferð um leið og hann hafði lokið afláun. Fyrir lá að kærandi hafði þjáðst af miklum verkjum á meðan hann sat í fangelsi og hafði hann einnig fundið fyrir miklum kvölum vegna fráhvarfa þegar hann var tekinn af staðgengislyfjunum við handtöku.

Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sú líkamlega og andlega áreynsla

3. gr. Bann við pyndingum

sem kærandi hefði mátt þola teldist ómannleg og vanvirðandi meðferð og hefði þýska ríkið því brotið rétt kæranda samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að niðurstaða hans um brot gegn 3. gr. fæli í sér sanngjarnar bætur í skilningi 41. gr. sáttmálans og var þýska ríkinu gert að greiða kæranda 1.801,05 evrur í málskostnað.

Alimov gegn Tyrklandi

Dómur frá 6. september 2016

Mál nr. 14344/13

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Bann við pyndingum. Brottvísun. Frelsis svipting. Útlendingar. Málsmeðferð. Raunhæf úrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, Bakhtiyor Alimov, fæddur árið 1970, er úsbekískur ríkisborgari sem býr í Tyrklandi. Árið 2010 fluttust kærandi og fjölskylda hans frá Úsbekistan til Tyrklands til að flýja ofsóknir vegna trúarskoðana. Eiginkona kæranda fékk dvalarleyfi í Tyrklandi en þar sem kærandi hafði ekki efni á að borga tilskilið gjald vegna umsóknar sinnar um dvalarleyfi bjó hann ólöglega í landinu. Í apríl 2011 ferðaðist kærandi til Úkraínu til að fylgja eiginkonu sinni í læknismeðferð. Var hann þá sektaður af tyrkneskum yfirvöldum vegna ólöglegrar dvalar og gert að sæta endurkomubanni í fimm ár.

Í maí 2012 reyndu kærandi og fjölskylda hans að komast aftur til Tyrklands en kærandi var handtekinn og settur í gæsluvarðhald á grundvelli þess að hann var ólöglegur innflytjandi þar sem hann beið þess að vera sendur úr landi. Tyrkneska innanríkisráðuneytið synjaði umsókn kæranda um hæli og tók ekki til greina mótmæli hans gegn brottvísun. Kærandi mótmælti þeirri ákvörðun og var í kjölfarið vistaður í úrræði fyrir útlendinga sem biðu brottflutnings. Þar dvaldi hann í u.þ.b. mánuð þar til hann fékk loks tímabundið dvalarleyfi á meðan hann beið eftir niðurstöðu varðandi hælisumsókn sína. Hann var sviptur frelsi í alls 104 daga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið á rétti sínum skv. 1., 2., 4. og 5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Réttarframkvæmd í Tyrklandi hefði verið óskýr og því ólögmat. Honum hefði aldrei verið gefnar upp ástæður fyrir frelssviptingunni og hefði því ekki getað kært framkvæmdina fyrir innlendum dómstólum. Kærandi taldi jafnframt að brotið hefði verið gegn rétti hans skv. 3. gr. sáttmálans þar sem aðstæður í varðhaldinu hefðu verið vanvirðandi, einkum þar sem hann hefði verið vistaður í klefum sem voru yfirfullir og hann hefði aldrei komist út undir bert loft. Loks taldi hann að brotið hefði verið á rétti hans skv. 13. gr. sáttmálans þar sem

3. gr. Bann við pyndingum

honum hefði ekki staðið til boða raunhæf úrræði innanlands til að leita réttar síns.

Ríkið mótmælti þessu og hélt því einnig fram að vísa ætti kæru hans frá, a.m.k. að hluta, þar sem hann hefði ekki tæmt innlend réttarráðgjafi og hefði lagt fram kæru til dómstólsins þegar meira en sex mánuðir voru liðnir frá því að fyrri vistun hans lauk.

Niðurstaða

Varðandi formskilyrðin tók dómstóllinn fram að spurningin um tæmingu innlendra réttarráðgjafa væri náteygð kvörtun kæranda um að raunhæf úrræði hefðu ekki verið fyrir hendi innanlands. Þá taldi dómstóllinn rétt að líta á frelsissviptinguna á þessum tveimur stöðum sem eitt tímabil, einkum með vísan til þess að umkvörtunarefni kæranda var hið sama varðandi báða staðina. Sex mánaða fresturinn byrjaði því ekki að líða fyrr en kærandi var látinn laus.

Um 3. gr.: Dómstóllinn komst að því, m.a. með vísan til þess að tyrkneska ríkið hefði ekki, þrátt fyrir beiðni þar um, lagt fram gögn um hið gagnstæða, að rýmið sem kærandi hefði verið vistaður í hefði verið yfirfullt og stundum þannig að kærandi hefði einungis haft 1,33 rúmmetra fyrir sjálfan sig og ekki verið næg svefnstæði fyrir alla sem þar dvöldu. Þetta ástand hefði verið gert enn alvarlegra í ljósi þess að fangar áttu þess engan kost að njóta dagsbirtu og útivistar. Hefði tyrkneska ríkið því brotið gegn rétti kæranda skv. 3. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið fullnægjandi lagastöð fyrir frelsissviptingu kæranda sem félli undir f-lið 1. mgr. 5. gr., og var því um að ræða brot á rétti hans skv. 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 2. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að kærandi hefði verið upplýstur um ástæður handtökunnar. Ef þær tilkynningar sem tyrkneska ríkið vísaði til gætu talist hafa upplýst kæranda hefðu þær a.m.k. ekki borist honum „án tafar“ í skilningi 2. mgr. 5. gr. sáttmálans. Fyrri tilkynningin var sett fram níu dögum eftir handtöku hans og sú síðari að 24 dögum liðnum. Hefði því verið brotið gegn rétti kæranda skv. 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 4. og 5. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði ekki haft möguleika á að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurðaði um hana með skjótum hætti og gæti fyrirskipað að hann skyldi látinn laus. Dómstóllinn ítrekaði einnig að rétturinn til að fá upplýsingar um ástæður handtökunnar væri forsenda þess að geta borið lögmæti hennar undir dómstól. Þá taldi dómstóllinn ekki að kærandi hefði haft rétt til bóta sem unnt hefði verið að koma fram. Með vísan til þess og niðurstöðu dómstólsins skv. 2. mgr. 5. gr. komst hann að því að einnig hefði verið brotið gegn rétti kæranda skv. 4. og 5. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að kæranda hefðu ekki staðið til boða raunhæf úrræði til að kvarta yfir aðbúnaði í gæsluvarðhaldinu og því hefði tyrkneska ríkið brotið gegn rétti hans skv. 13., sbr. 3. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 4.330 evrur vegna málskostnaðar.

W.D. gegn Belgíu

Dómur frá 6. september 2016

Mál nr. 73548/13

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Frelsissvipting. Heilbrigðisþjónusta. Skortur á viðeigandi meðferð. Raunhæf úrræði. Leiðsögudómur.

1. Málsatvik

Kærandi, W.D., fæddur árið 1987, er belgískur ríkisborgari og situr í fangelsi í Belgíu. Í nóvember 2006 var kærandi, þá 19 ára, handtekinn fyrir ósæmilega hegðun gagnvart einstaklingi yngri en 16 ára. Komust belgískir dómstólar að því að hann þjádrist af geðrænum röskunum og væri ósakhæfur en ákveðið var að vista hann í fangelsi. Í júlí 2007 var hann vistaður á deild í fangelsinu fyrir þá sem þarfnast sérstaks félagslegs stuðnings og hefur hann dvalið þar síðan. Í nokkur skipti á árunum 2010–2015 var honum veitt útvistarleyfi í fylgd með umsjónarmanni eða fjölskyldumeðlimi. Honum var þó bannað að eiga samskipti við ólöggráða einstaklinga og njóta aðgangs að síma og Interneti. Ýmsar skýrslur um geðheilsu kæranda bentu til þess að hann væri haldinn barnagirnd og mikil hætta væri á að hann bryti af sér aftur, hann væri einhverfur og nauðsyn bæri til að vista hann á sérstakri stofnun fyrir fólk með fötlun. Í október 2015 var ákveðið að kærandi fengi ekki lengur að yfirgefa fangelsið þar sem hann hefði átt í bréfaskiptum við ólöggráða einstaklinga.

Félagsmálafirvöld í Belgíu ákváðu að vista skyldi kæranda áfram í fangelsinu. Frá árinu 2009 var ákveðið að hann skyldi vistaður þar þangað til unnt væri að finna honum stað á sérhæfðri stofnun við hans hæfi. Kærandi vísaði málinu til áfrýjunarnefndar félagsþjónustu og dómstóla en án árangurs. Tilraunir stjórnvalda til að finna hentugt búsetuúrræði fyrir kæranda skiluðu engum árangri.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið á rétti sínum skv. 3. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu þar sem hann hefði verið sviptur frelsi í nýu ár án þess að fá nauðsynlega aðstoð vegna andlegra veikinda sinna. Einnig taldi hann brotið á rétti sínum skv. 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem frelissvipting hans hefði verið ólögsmæt. Loks taldi kærandi að honum hefðu ekki staðið til boða raunhæf úrræði til að leita réttar síns vegna ætlaðra brota á sáttmálanum í andstöðu við 4. mgr. 5. gr., sbr. 3. og 13. gr. hans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki fengið meðferð við hæfi á meðan hann sat í fangelsinu. Auk þess benti dómstóllinn á að almennt séð væri

3. gr. Bann við pyndingum

mikill skortur á meðferðarúrræðum við hæfi í belgískum fangelsum og staðfestu m.a. skýrslur alþjóðlegra eftirlitsaðila það. Engar haldbærar upplýsingar lægju fyrir um hvers konar meðferð kærandi hefði fengið á meðan hann sat í fangelsi. Fyrirliggjandi gögn sýndu hversu oft hann hefði farið til geðlæknis en þeir tímar snerust að mestu leyti um að skrifa upp á geðlyf fyrir kæranda. Dómstóllinn taldi að það væri ekki nóg að bjóða upp á greiningu, heldur þyrftu meðferðarúrræði og eftirfylgni að vera til staðar. Dómstóllinn taldi að skortur á meðferðarúrræðum við hæfi og aðstoð við að aðlagast samfélaginu hefði haft mjög neikvæð áhrif á andlega heilsu kæranda. Auk þess virtist kærandi ekki hafa neinn skilning á hvað fælist í andlegum vandamálum sínum og svo virtist sem hann hefði meiri þörf fyrir aðstoð eftir dvöl sína í fangelsinu en þegar hann kom þangað upphaflega.

Dómstóllinn taldi það kerfislægt vandamál í Belgíu að finna úrræði við hæfi. Í fyrsta lagi væru engin meðferðarúrræði við hæfi á deildinni sem kærandi dvaldi á í fangelsinu og í öðru lagi væri ekkert annað búsetuúrræði til staðar fyrir kæranda. Dómstóllinn benti á að sáttmálinn legði vissulega þær skyldur á aðildarríki að verja borgara sína, en stuðla einnig að því að til staðar væru virk úrræði. Með því að bjóða ekki kæranda upp á búsetu- og meðferðarúrræði við hæfi hefði það valdið honum skaða. Kærandi var í viðkvæmri stöðu og því hefði belgíska ríkinu borið rík skylda til að tryggja réttindi kæranda, sérstaklega í ljósi þess að um væri að ræða einstakling í fangelsi sem ætti við andleg vandamál að stríða.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að belgíska ríkið hefði brotið gegn rétti kæranda skv. 3. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 5. gr.: Frá árinu 2009 hafði staðið til að flytja kæranda á aðra stofnun. Félagsmálayfirvöld réttlættu frekari gæslu kæranda í fangelsinu á þeim forsendum að beðið væri eftir hentugu búsetuúrræði. Yfirvöld höfðu reynt að finna annað úrræði en stofnanir höfðu neitað að taka við kæranda. Vistun kæranda í fangelsinu átti alltaf að vera tímabundin lausn. Stjórnvöld gerðu sér grein fyrir því að vistun í fangelsi væri ekki hentugt úrræði fyrir kæranda, sérstaklega í ljósi andlegra vandamála hans, en engin önnur úrræði hefðu verið í boði.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að það að vista kæranda, ósakhæfan einstakling sem þjáðist af geðrænum vandamálum, í úrræði sem ekki hentaði honum í ljósi þess hvernig komið væri fyrir honum hefði falið í sér brot gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 4. mgr. 5. gr., sbr. 3. og 13. gr.: Dómstóllinn tók fram að innlendir dómstólar hefðu m.a. hafnað kröfum kæranda þar sem hann hafði ekki sýnt nægilega fram á að hvaða leyti fangelsisvistin hefði verið honum skaðleg og hvaða úrræði myndu henta honum betur. Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að ætlast til þess af einstaklingi, sem þjáðist af andlegum sjúkdómi og aldrei hefði fengið viðeigandi meðferð, að meta hver viðeigandi lausn fyrir hann væri. Þá taldi dómstóllinn gagnrýnivernt að kærandi hefði þurft að leita til dómstóla til að tryggja að ákvörðun stjórnvalda um að vista hann á viðeigandi stofnun kæmi til framkvæmda. Skortur á virkum réttarúrræðum væri kerfislægt vandamál í Belgíu og hefði fyrst og fremst falist í því að skortur væri á búsetuúrræðum við hæfi og sérmenntuðu starfsfólki, frekar en að málsmeðferðin sjálf stuðlaði að því að úrræðin væru ekki nógu virk. Þó að kærandi

3. gr. Bann við pyndingum

hefði áður fengið úrlausn fyrir innanlandsdómstólum þá væru engin viðeigandi úrræði til staðar. Niðurstaða dómstólsins var því sú að kærandi hefði ekki átt kost á raunhæfu úrræði til að leita réttar síns og það fæli því í sér brot á 4. mgr. 5. gr., sbr. 3. og 13. gr. sáttmálans.

Um 46. gr.: Dómstóllinn taldi að brot á réttindum kæranda stöfuðu af kerfislægu vandamáli í Belgíu. Ljóst væri að þetta vandamál hefði haft og myndi halda áfram að hafa áhrif á fjölda fólks. Um 40 kærur gegn belgíska ríkinu biðu afgreiðslu dómstólsins sem allar vörðuðu ætluð brot gegn 3. gr. og/eða 1. og 4. mgr. 5. gr. sáttmálans og áttu rætur að rekja til vistunar einstaklinga með geðsjúkdóma í fangelsum þar sem þeir höfðu ekki aðgang að viðeigandi meðferð eða raunhæfum úrræðum. Dómstóllinn ákvað því að dómur þess í málinu yrði leiðsögudómur (e. *pilot-judgement*) og var belgíska ríkinu veittur tveggja ára frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Sambærilegum málum hjá dómstólnum var frestað á meðan.

Belgíska ríkinu var gert að greiða kæranda 16.000 evrur í miskabætur.

F.M. o.fl. gegn Danmörku

Ákvörðun frá 13. september 2016

Mál nr. 20159/16

3. gr. Bann við pyndingum

Brottvísun til Ítalíu. Dyflinnarreglugerðin. Frávísun kærur.

1. Málsatvik

Kærendur eru írskir ríkisborgarar, móðir og tvær dætur hennar, fæddar 1976, 2001 og 2007. Þær búa í Danmörku og komu þangað í gegnum Ítalíu í júní 2014. Mánuði síðar ákváðu yfirvöld í Danmörku að senda þær aftur til Ítalíu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Endanleg ákvörðun í málinu var þó ekki tekin fyrr en í lok árs 2015, m.a. vegna þess að yfirvöld biðu niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í máli sem varðaði brottflutning til Ítalíu. Málið var tekið upp að nýju og í lokaákvörðun danskra yfirvalda var m.a. vísað til þess að ítalska ríkið hefði gefið út yfirlýsingar um að fjölskyldum yrði tryggð viðeigandi búseta og að tryggt væri að þeim yrði ekki sundrað svo dæmi séu tekin. Var því talið að aðstæður hælisleitenda á Ítalíu væru fullnægjandi og ákveðið að kærendur skyldu sendir þangað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brottflutningur þeirra til Ítalíu væri brot á rétti þeirra skv. 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að slæm meðferð þyrfti að ná tilteknu alvarleikastigi ef hún ætti að falla innan marka 3. gr. Réðist mat á alvarleikastigi af aðstæðum í heild, t.d. hve lengi meðferðin stæði yfir svo og líkamleg og andleg áhrif hennar. Í sumum tilvikum þyrfti einnig að líta til kyns, aldurs og heilsufars þolanda.

3. gr. Bann við pyndingum

Dómstóllinn taldi að staða kæranda, einstæðrar móður með tvö börn, væri sá þáttur sem skipti mestu máli í mati á heildaraðstæðum og yrði matið að miðast við aðstæður á þeim degi þegar kærandi væri sendur úr landi. Hefði hann ekki verið sendur úr landi þyrfti matið að miðast við það tímamark þegar málið var til meðferðar hjá dómstólnum.

Fyrir dómstólnum lá að leggja mat á hvort aðstæður á Ítalíu væru ófullnægjandi þegar hliðsjón var höfð af stöðu kæranda í málinu. Taldi dómstóllinn aðstæður hælisleitenda á Ítalíu ekki vera slíkar að aðildarríki mættu ekki senda neina hælisleitendur þangað. Þá höfðu dönsk yfirvöld haft samband við ítölsk yfirvöld til að ganga úr skugga um að aðstæður við komu þeirra til Ítalíu væru fullnægjandi. Jafnframt væri ljóst að fjölskyldunni yrði ekki sundrað við komuna þangað. Taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að framtíðarhorfur þeirra væru miklu verri á Ítalíu en í Danmörku og væri því ekki hætta á því að brottflutningur þeirra til Ítalíu fæli í sér brot á 3. gr. sáttmálans. Var málinu því vísað frá á þeim grundvelli að kæran væri augljóslega illa grunduð.

Muršić gegn Króatíu

Dómur frá 20. október 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 7334/13

3. gr. Bann við pyndingum

Aðbúnaður í fangelsi.

1. Málsatvik

Kærandi, Kristijan Muršić, er króatískur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1987 og búsettur í Kuršanec í Króatíu.

Í febrúar 2009 var kærandi dæmdur í fangelsi í tvö ár fyrir vopnað rán, og í júlí 2010 var hann dæmdur til frekari refsivistar fyrir þjófnað. Í október 2009 var kærandi færður úr lágmarksöryggisfangelsi í Trupolje í fangelsið í Bjelovar-sýslu þar sem hann aflánaði dóm sinn til 16. mars 2011. Kærandi hélt því fram að hann hefði verið vistaður í yfirfullum fangaklefum og að í 50 daga hefði hann haft minna en þrjá fermetra til eigin afnota. Þá hefði viðhald fangaklefanna verið slæmt og þeir bæði rakir og skítugir. Loks hefði hann ekki átt möguleika á að stunda atvinnu eða aðgang að efni sér til afþreyingar eða menntunar. Hann óskaði eftir flutningi í annað fangelsi og kvartaði til dómara um aðbúnað í fangelsinu en kvörtun hans var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu sem kveður á um bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu vegna aðstæðna hans í fangelsinu.

3. gr. Bann við pyndingum

Niðurstæða

Dómstóllinn tók fram að hann legði almennt til grundvallar í dómaframkvæmd sinni að þrír fermetrar væru lágmarksstærð persónulegs svæðis fyrir hvern fanga í fangaklefum þar sem fleiri en einn fangi væru vistaðir. Í þeim tilvikum þegar persónulegt svæði fanga væri minna var talið að miklar líkur væru á að í því fælist brot á 3. gr. sáttmálans. Ríki gætu hins vegar hnekkð þeirri forsendu með því að sýna fram á að ráðstafanir væru gerðar til að vege upp á móti þrengslunum. Slíkar aðgerðir eða aðstæður væru t.d. til staðar þegar fangi byggði einungis við þessi þrengsli í takmarkaðan tíma og hefði möguleika á að hreyfa sig utan fangaklefa á svæði sem væri almennt séð viðunandi.

Dvöl kæranda í fangaklefa með minna en þriggja fermetra persónulegu svæði mætti skipta í tvo flokka. Annars vegar afmörkuð tímabil sem vöruðu í einn til átta daga í senn. Hins vegar 27 daga tímabil þar sem kærandi væri samfellt með minna en þriggja fermetra persónulegt svæði. Dómstóllinn taldi að síðara tímabilið hefði verið til þess fallið að valda meira harðræði en nauðsynlega leiðir af fangelsisvist einni saman og væri því um að ræða vanvirðandi meðferð samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Varðandi styttri tímabilin yrði dómstóllinn að skoða aðra þætti málsins.

Dómstóllinn taldi að sýnt hefði verið fram á að kærandi átti möguleika á tveggja stunda langri útivist á hverjum degi og að hann hefði auk þess átt kost á því að hreyfa sig um fangelsið í þrjár klukkustundir á hverjum degi. Þó að honum stæði ekki vinna til boða innan fangelsisins, sem að einhverju leyti mætti rekja til hegðunar hans, taldi dómstóllinn að þessi möguleiki á frjálstri hreyfingu gæti dregið úr neikvæðum áhrifum þess hve takmarkað persónulegt rými kærandi hefði í klefa sínum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að fyrri tímabilin, þar sem kærandi hafði minna en þrjá fermetra af persónulegu svæði í einn til átta daga í senn, hefðu ekki falið í sér brot á 3. gr. sáttmálans í ljósi annarra aðstæðna í fangelsinu. Hins vegar taldi hann seinna tímabilið, þar sem kærandi hafði minna en þriggja fermetra persónulegt svæði í 27 daga samfellt, fela í sér brot gegn ákvæðinu.

Var króatíska ríkinu gert að greiða kæranda 1.000 evrur í miskabætur og 3.091 evrur í málskostnað.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.

Teufik Kazic og fleiri gegn Svíþjóð

Ákvörðun frá 29. nóvember 2016

Mál nr. 41252/16

3. gr. Bann við pyndingum

Brottvísun. Heilbrigðisþjónusta. Frávísun kæru.

1. Málsatvik

Kærendur, Teufik Kazić, eiginkona hans Nafa Kazić og sonur þeirra Admir Kazić, eru bosnískir ríkisborgarar, fædd 1968, 1970 og 1997. Þau eru búsett í Svíþjóð.

3. gr. Bann við pyndingum

Í desember 2012 sóttu kærndur um hæli í Svíþjóð á þeim forsendum að þriðji kærndinn hefði ekki aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu í heimalandi sínu. Hann hafði þjáðst af flogaveiki og öðrum alvarlegum kvillum frá barnsaldri og verið lagður í einelti í skóla vegna þeirra. Foreldrar hans kváðust einnig hafa orðið fyrir aðkasti vegna þess að þau eru múslimar.

Með ákvörðun, dags. 24. apríl 2013, synjaði útlendingastofnun umsóknnum kærnda á þeim grundvelli að þau gætu leitað til yfirvalda í heimalandi sínu og óskað eftir vernd. Jafnframt var talið að heilsufar þriðja kærndans væri ekki þannig að unnt væri að veita honum hæli á þeim grundvelli enda ætti hann kost á heilbrigðisþjónustu í heimalandi sínu. Kærndur báru þennan úrskurð undir dómstóla en án árangurs.

Því næst sóttu kærndur um að ákvörðun um brottvísun þeirra yrði frestað vegna heilsufars þriðja kærndans en hann hafði gengist undir lækniáðgerð og þarfnáðist endurhæfingar. Var hætta á varanlegu heilsutjóni ef rof yrði á endurhæfingunni. Með ákvörðun, dags. 26. nóvember 2014, féllust yfirvöld á beiðni hans.

Ári síðar sóttu kærndur að nýju um að brottvísun yrði frestað með vísan til þess að þriðji kærndinn þyrfti enn á aðgerð að halda. Þeirri beiðni var hafnað þar sem ekki var talið að sýnt hefði verið fram á að heilsufar hans væri eins alvarlegt og haldið var fram. Jafnframt var tekið fram að hann væri kominn á fullorðinsár og því þyrfti meira til að veita honum slíkt leyfi en áður.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærndur töldu að brottvísun þeirra myndi fela í sér ómannlega meðferð í andstöðu við 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstæða

Dómstóllinn tók fram í upphafi að aðildarríkin hefðu rétt á því að stjórna aðgangi útlendinga inn á landsvæði sitt, en að brottvísun gæti samt sem áður falið í sér brot gegn 3. gr. Sáttmálans ef hún fæli í sér hættu á meðferð í andstöðu við ákvæðið. Við mat á þeirri hættu þyrfti að horfa til margra þátta en dómstóllinn tók fram að sú staðreynd ein að útlendingur ætti ekki rétt á sambærilegri heilbrigðis- eða velferðarþjónustu í heimalandi sínu gæti ekki talist fela í sér brot gegn ákvæðinu. Gætu heilbrigðisástandur einungis í algjörum undantekningartilfellum verið grundvöllur slíkrar niðurstöðu.

Dómstóllinn tók fram að mál kærndanna hefði verið skoðað gaumgæfilega af yfirvöldum og ekkert hefði bent til þess að gallar hefðu verið á málsmeðferðinni. Hefði kærndi, sem var orðinn fullorðinn, notið heilbrigðisþjónustu í 15 ár í heimalandi sínu og ekkert benti til þess að hann ætti ekki aðgang að slíkri þjónustu áfram þótt hún kynni eftir atvikum að vera lakari en sú sem honum stóð til boða í Svíþjóð. Nægði það eitt þó ekki til þess að um brot á 3. gr. Sáttmálans væri að ræða. Loks tók dómstóllinn fram að þó að þeir sjúkdómar sem hrjáðu þriðja kærndann væru

3. gr. Bann við pyndingum

alvarlegir væri ástand hans og sú þjáning sem af sjúkdómunum stafaði ekki slík að 3. gr. sáttmálans ætti við í máli hans.

Var kærinni vísað frá dómstólnum.

Paposhvili gegn Belgíu – Yfirdeild

Dómur frá 13. desember 2016

Mál nr. 10511/10

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Bann við pyndingum. Heilbrigðisþjónusta. Brottvísun. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

1. Málsatvik

Kærandi, Georgie Paposhvili, var georgískur ríkisborgari, fæddur árið 1958 og bjó í Brussel. Hann lést í júní 2016 en kona hans og börn óskuðu eftir því að halda kæru hans fyrir Mannréttindadómstólnum til streitu. Kærandi kom til Belgíu 25. nóvember 1998 ásamt konu sinni og sex ára barni og síðar eignuðust þau tvö önnur börn. Á árunum 1998–2007 var hann sakfelldur fyrir ýmis brot, þ.m.t. rán og þátttöku í skipulagðri glæpastarfsemi. Meðan hann afplánaði fangelsisdóma var hann greindur með ýmiss konar alvarlega sjúkdóma, þ.á.m. langvinnt eitilfrumuhvítblæði og berkla, en við þeim fékk hann bót á spítala. Hann sótti nokkrum sinnum um að fá dvalarleyfi í Belgíu á grundvelli læknisfræðilegra eða annarra sérstakra ástæðna.

Í ágúst 2007 ákvað innanríkisráðherra að kæranda skyldi vísað úr landi og að honum yrði óheimilt að snúa aftur næstu tíu ár þar sem af honum stafaði ógn við allsherjarreglu. Ákvörðun innanríkisráðherra átti að koma til framkvæmda þegar kærandi hefði lokið afplánun en sú varð þó ekki raunin þar sem kærandi gekkst undir lækni meðferð á þeim tíma. Hinn 7. júlí 2010 gaf útlendingastofnun út skipun til hans um að yfirgefa landið, ásamt fyrirskipun um að hann skyldi settur í varðhald. Hann var hneptur í varðhald fyrir ólöglega innflytjendur í því skyni að flytja hann til Georgíu og voru gefin út ferðaskilríki í þeim tilgangi. Hinn 23. júlí 2010 leitaði hann til Mannréttindadómstólsins og lagði fram beiðni skv. 39. gr. reglna dómstólsins um að brottvísuninni yrði frestað. Féllst dómstóllinn á beiðni hans og var honum síðan sleppt úr varðhaldi. Fresturinn sem hann hafði til að yfirgefa Belgíu var framlengdur nokkrum sinnum. Í nóvember 2009 var konu kæranda og börnum þeirra þremur veitt ótímabundið leyfi til að dvelja í Belgíu. Á árunum 2012–2015 var kærandi handtekinn í nokkur skipti fyrir þjófnað úr verslunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á réttindum hans skv. 2. og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Hann hélt því fram að færð hefðu verið fullnægjandi rök fyrir því að brottvísun hans til Georgíu hefði haft í för með sér hættu á ótímabæru andláti eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Hann taldi einnig að brottvísun og tíu ára endurkomubann hefðu haft í för með sér brot á réttindum hans skv. 8. gr. sáttmálans þar sem það hefði leitt til aðskilnaðar hans við fjölskylduna sem hafði fengið dvalarleyfi í Belgíu en hún var eini andlegi stuðningurinn sem hann taldi sig hafa.

Niðurstæða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði þjáðst af mjög alvarlegum sjúkdómi og að ástand hans hefði verið lífshættulegt. Hann hefði lagt fram ítarlegar upplýsingar um heilsufar sitt frá lækni sem var sérfræðingur í meðferð við hvítblæði og yfirmáður blóðmeinnadeildar á sjúkrahúsi sem var sérhæfður í meðferð krabbameins. Samkvæmt framlögðum upplýsingum hafði ástand hans orðið stöðugt vegna meðferðarinnar sem hann gekkst undir í Belgíu. Var meðferðinni ætlað að gera honum kleift að gangast undir mergskipti en til þess að þau hefðu tilætlun áhrif yrði hún að fara fram innan tiltölulega skamms tíma. Væri meðferðinni hætt næðu lífslíkur hans varla sex mánuðum.

Kærandi hafði tvívegis sótt um dvalarleyfi vegna læknisfræðilegra ástæðna skv. tilteknu ákvæði belgískra útlendingalaga. Umsóknirnar höfðu aðallega byggst á því að hann hefði þurft að fá viðeigandi meðferð við hvítblæði og að hann ætti ekki kost á sambærilegri meðferð í Georgíu. Útlendingastofnun synjaði umsóknum hans á þeim forsendum að kærandi nyti ekki verndar ákvæðisins vegna hinna alvarlegu glæpa sem hann hefði framið.

Kærunefnd útlendingamála hafði komist að því að þegar stjórnvald hefði byggt synjun sína á því að umsækjandi sé útilokaður frá vernd laganna væri ekki nauðsynlegt að leggja mat á læknisfræðileg gögn í málinu. Vegna kvörtunar kæranda yfir broti á 3. gr. sáttmálans tók kærunefndin fram að ákvörðun um brottvísun hefði ekki fylgt ákvörðuninni um synjun dvalarleyfis og því hefði hættan á að lækni meðferðinni myndi ekki verða haldið áfram í Georgíu ekki verið raunveruleg. Æðsti stjórnarsýsludómstóll landsins hafði tekið undir þann rökstuðning og sérstaklega tekið fram að heilsufar útlendinga sem til stóð að vísa úr landi skyldi metið við framkvæmd brottvísunarinnar fremur en þegar ákvörðunin um brottvísunina var tekin.

Mannréttindadómstóllinn tók fram að þótt trúnaðarlæknir yfirvalda útlendingamála hefði gefið út nokkur álit varðandi heilsufar kæranda, byggð á lækni skýrslum sem kærandi lagði fram, hefðu yfirvöld ekki lagt mat á þau á grundvelli 3. gr. sáttmálans í meðferð þeirra á umsókn kæranda um dvalarleyfi né þegar ákvörðun var tekin um brottvísun hans. Að slíkt mat hefði getað farið fram á þeim tíma sem ákvörðunin átti að koma til framkvæmda gat ekki bætt úr þeim

3. gr. Bann við pyndingum

ágalla þar sem ekkert hafði komið fram um hvert umfang slíks mats hefði orðið eða áhrif þess á gildi ákvörðunar yfirvalda um brottvísun kæranda.

Af því leiddi að dómstóllinn taldi að upplýsingarnar sem innlend yfirvöld hefðu byggt ákvarðanir sínar á hefðu ekki verið fullnægjandi til að komast að þeirri niðurstöðu að kærandi, ef honum yrði vísað brott til Georgíu, yrði ekki í raunverulegri hættu á að sæta meðferð í andstöðu við 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ef brottvísun kæranda til Georgíu hefði farið fram hefði hún falið í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn komst að því að innlend yfirvöld hefðu heldur ekki lagt mat á að hve miklu leyti kærandi treysti á fjölskyldu sína vegna hrakandi heilsu sinnar. Hefði kærunefndin vísað kvörtun kæranda skv. 8. gr. frá á þeim forsendum að synjuninni um dvalarleyfi hefði ekki fylgt ákvörðun um brottvísun. Dómstóllinn tók fram að það væri hlutverk stjórnvalda að leggja mat á hvaða áhrif brottvísunin hefði á fjölskyldulíf kæranda í ljósi heilsufars hans; það væri óhjákvæmilegur hluti af málsmeðferðinni til að tryggja rétt hans til fjölskyldulífs. Taldi dómstóllinn að belgískum yfirvöldum hefði skv. 8. gr. sáttmálans verið skylt að kanna, í ljósi ástands kæranda, hvort fjölskyldan hefði getað fylgt honum til Georgíu og ef ekki, hvort þurft hefði að veita honum leyfi til að dvelja áfram í Belgíu þann tíma sem hann næði að lifa til að tryggja rétt hans til fjölskyldulífs. Dómstóllinn komst þar af leiðandi að því að ef kærandi hefði verið fluttur til Georgíu án þess að lagt hefði verið mat á þessi atriði, hefði einnig verið um að ræða brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi niðurstöður sínar um brot á 3. og 8. gr. fela í sér sanngjarnar bætur í skilningi 41. gr. sáttmálans vegna þess ófjárhagslega tjóns sem kærandi kynni að hafa orðið fyrir. Þá var belgíska ríkinu gert að greiða fjölskyldu kæranda 5.000 evrur vegna málskostnaðar.

Einn dómari skilaði séráliti.

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu – Yfirdeild

Dómur frá 15. desember 2016

Mál nr. 16483/12

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis

4. gr. 4. viðauka. bann við hópbrottvísun útlendinga.

Útlendingar. Vanvirðandi meðferð. Frelsisvipting. Raunhæf úrræði.

Hópbrottvísun.

1. Málsatvik

Kærendur, Saber Ben Mohamed Ben Ali Khlaifia, Fakhreddine Ben Brahim Ben Mustapha Tabal og Mohamed Ben Habib Ben Jaber Sfar eru túnískir ríkisborgarar, fæddir 1983, 1987 og 1988. Í september 2011 fóru kærendur á bátum til Ítalíu en voru stöðvaðir af ítölsku landhelgisgæslunni sem fylgdi þeim til hafnar á

3. gr. Bann við pyndingum

eyjunni Lampedusa. Kærendur voru fluttir á móttökumiðstöð sem að þeirra sögn var yfirfull af fólki og skítug.

Hinn 20. september 2011 braust út uppreisn í móttökumiðstöðinni þar sem m.a. var kveikt í henni. Voru kærendur því fluttir burt og vistaðir í íþróttamiðstöð í Lampedusa. Þeir náðu að koma sér undan eftirliti lögreglunnar og flúðu til bæjar á eyjunni þar sem þeir, í hópi 1800 annarra útlendinga, hófu kröfugöngu á götum bæjarins. Kærendur voru handsamaðir af lögreglunni og fluttir aftur í móttökustöðina og þaðan á flugvöllinn. Hin 22. september 2011 var flogið með þá til Palermo þar sem þeir voru fluttir í skip við höfnina. Khlaifia var færður um borð í skipið Vincent ásamt 190 öðrum einstaklingum en hinir kærendurnir ásamt 150 öðrum voru settir um borð í skipið Audace. Kærendurnir voru um borð í skipunum í nokkra daga.

Hinn 27. september 2011 voru Tabal og Sfar fluttir til flugvallarins í Palermo þar sem þeir biðu þess að vera fluttir til Túnis en Khlaifia var færður til flugvallarins 29. september. Áður en kærendur stigu um borð í flugvélnar hittu þeir túnísíska ræðismanninn sem kærendur sögðu einungis hafa skráð niður persónuupplýsingar um þá í samræmi við samkomulag milli Ítalíu og Túnis frá því í apríl 2011. Kærendur héldu því einnig fram að meðan á dvöl þeirra á Ítalíu stóð hefðu þeir aldrei fengið nein skjöl í hendur. Ítalska ríkið mótmælti þessu og lagði fram þrjár ákvarðanir um bann við inngöngu í landið ásamt skjölum sem gáfu til kynna að kærendur hefðu bæði neitað að undirrita synjanirnar og ekki viljað taka við afritum af þeim. Kærendum var sleppt við komuna til Túnis.

Ýmis samtök kvörtuðu undan meðferðinni sem útlendingarnir höfðu mátt þola um borð í skipunum í höfninni í Palermo. Höfðuð voru sakamál vegna misbeitingar valds og ólögætrar handtöku en þeim var vísað frá á frumstigum rannsóknar. Tveir aðrir útlendingar báru synjanir um inngöngu í landið undir dómara sem féllst á að ógilda þær.

Ítalskur dómstóll lagði til grundvallar að kærendur hefðu verið á ítölsku landsvæði 6. maí og 18. september 2011 en ákvarðanir í málum þeirra hefðu verið gefnar út 16. maí og 24. september 2011. Þótt ekki væri kveðið á um tímafrest til útgáfu slíkra ákvarðana í lögum taldi dómari að þegar um frelsissviptingu væri að ræða yrði að taka slíkar ákvarðanir innan tiltölulega skamms tíma.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur töldu að þeir hefðu verið sviptir frelsi sínu í bága við 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þeir héldu því fram að brotið hefði verið gegn 2. mgr. 5. gr. þar sem þeir hefðu ekki fengið án tafar vitneskju um ástæður frelsissviptingarinnar. Einnig töldu þeir að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 5. gr. þar sem þeir hefðu ekki átt möguleika á að bera lögætti frelsisskerðingarinnar undir dómstól.

Kærendur báru einnig fyrir sig 3. gr. sáttmálans og héldu því fram að þær aðstæður sem þeir höfðu þurft að búa við í móttökustöðinni í Lampedusa og um borð í skipunum í Palermo hefðu jafngilt ómannlegri eða vanvirðandi meðferð í

3. gr. Bann við pyndingum

skilningi ákvæðisins. Þeir héldu því einnig fram að brotið hefði verið gegn 4. gr. 4. viðauka sáttmálans þar sem þeir hefðu þurft að sæta hópbrottvísun. Loks kvörtuðu þeir yfir broti gegn 13., sbr. 3. og 5. gr. og 4. gr. 4. viðauka sáttmálans þar sem þeir hefðu ekki haft raunhæf úrræði til að leita réttar síns.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi að frelsiskerðing kærenda félli undir f-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans en að hana hefði skort stoð í ítölskum lögum. Sú reglugerð sem stuðst hefði verið við gat að mati dómstólsins ekki talist lögmætur grundvöllur frelsissviptingarinnar þar sem kærendur hefðu ekki verið vistaðir í móttökumiðstöð af því tagi sem áskilið var í reglugerðinni.

Ítalska ríkið hafði lagt fram samning á milli Túnis og Ítalíu en tók fram að hann hefði ekki verið birtur og hefði þar af leiðandi ekki verið aðgengilegur kærendum sem hefðu ekki getað séð fyrir afleiðingarnar af beitingu hans. Því væri ekki unnt að halda því fram að þær litlu upplýsingar sem fram hefðu komið gætu talist skýr og fyrirsjáanleg lagastöð. Jafnframt vísaði dómstóllinn til þess að nefnd á vegum þings Evrópuráðsins hefði einnig komist að því að umrædda frelsissviptingu hefði skort lagastöð.

Dómstóllinn tók fram að útlendingar, sem hefðu verið vistaðir í þeirri móttökumiðstöð sem kærendur höfnuðu í, hefðu ekki haft aðgang að sömu úrræðum og stöðu til boða í öðrum móttökumiðstöðvum, m.a. um að bera lögmæti frelsissviptingarinnar undir dómstóla. Þar af leiðandi hefðu kærendur ekki aðeins verið sviptir frelsi sínu án skýrrar og viðhlítandi lagastöðar heldur hefðu þeir ekki getað nýtt sér þann grundvallarrétt að bera þær ákvarðanir undir dómara eins og m.a. væri gert ráð fyrir í ítölsku stjórnarskránni.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að frelsissvipting kærenda hefði verið ólögmæt í andstöðu við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 2. mgr. 5. gr.: Þar sem dómstóllinn hafði þegar slegið því föstu skv. 1. mgr. 5. gr. að varðhald kærenda hefði ekki átt stoð í ítölskum lögum, gat hann ekki séð hvernig yfirvöld hefðu getað upplýst kærendur um lagalegar ástæður frelsissviptingarinnar né hvernig þau hefðu getað veitt þeim fullnægjandi upplýsingar um hvernig kærendur gætu leitað réttar síns fyrir dómstól. Dómstóllinn hafði skodað þær ákvarðanir sem um ræddi án þess að finna neina tilvísun um varðhald kærenda né að fram kæmu málsatvika- eða lagarök fyrir þessum ráðstöfunum. Einnig var bent á að langur tími hefði liðið þar til kærendur fengu upplýsingar um þessar ákvarðanir og því hefði skilyrði 2. mgr. 5. gr. sáttmálans um að maður skuli fá vitneskju „án tafar“ um ástæður fyrir frelsissviptingu ekki verið uppfyllt.

Um 4. mgr. 5. gr.: Með vísan til ofangreindrar niðurstöðu um að kærendum hefði ekki verið kynntar ástæður fyrir frelsissviptingunni komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þeim hefði ekki staðið til boða að bera lögmæti frelsissviptingarinnar undir dóm í andstöðu við 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi aðstæður í móttökumiðstöðinni ekki hafa verið til þess fallnar að dvelja þar dögum saman. Á hinn bóginn hefði uppreisn brotist

3. gr. Bann við pyndingum

út meðal útlendinganna tveimur dögum eftir að kærendur voru færðir þangað og kveikt hefði verið í. Ekki hefði verið sýnt fram á að ítölsk yfirvöld hefðu sýnt af sér vanrækslu. Dómstóllinn tók einnig fram að kærendur hefðu ekki borið því við að þeir hefðu verið beittir slæmri meðferð eða að þá hefði skort mat eða vatn. Hefði aðbúnaður þeirra í móttökumiðstöðinni því ekki verið þannig að hann gæti talist jafngilda ómannlegri eða vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. Þá hefði kærendum ekki tekist að sýna fram á að aðbúnaður á skipunum hefði verið í andstöðu við ákvæðið.

Um 4. gr. 4. viðauka: Dómstóllinn tók fram í upphafi að það að tiltekinn fjöldi útlendinga þyrfti að sæta sambærilegum ákvörðunum um brottvísun fæli ekki sjálfkrafa í sér að um hópbrottvísun væri að ræða að því gefnu að hver og einn hefði haft tækifæri til að mótmæla brottvísuninni við þar til bær yfirvöld.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að á meðan þeim var haldið í móttökumiðstöðinni hefðu kærendur hvenær sem er getað tilkynnt yfirvöldum um ástæður þess að ekki bæri að vísa þeim brott til Túnis. Þegar kveikt var í móttökumiðstöðinni höfðu 72 útlendingar óskað eftir hæli með þeim afleiðingum að þeim var ekki vísað á brott heldur voru þeir fluttir í aðrar móttökumiðstöðvar. Ekkert í málinu benti til þess að yfirvöld hefðu ekki tekið við gögnum eða upplýsingum sem hefðu gefið til kynna að brottvísun skyldi ekki eiga sér stað.

Dómstóllinn tók fram að 4. gr. 4. viðauka tryggði ekki réttinn til einstaklingsbundinna viðtala í öllum kringumstæðum. Skilyrði ákvæðisins væru uppfyllt þegar hver og einn útlendingur ætti kost á að andmæla brottvísun sinni og yfirvöld tækju andmælin til skoðunar. Kærendur hefðu mátt vita að þeim yrði vísað á brott og meðan á dvöl þeirra á Ítalíu stóð (nú til tólf dagar) hefðu þeir átt möguleika á að vekja athygli yfirvalda á hverjum þeim kringumstæðum sem hefðu getað haft áhrif á stöðu þeirra og veitt þeim rétt til að dveljast á Ítalíu.

Kærendur höfðu engin gild ferðaskilríki og höfðu ekki látið í ljós að þeir óttuðust slæma meðferð við heimkomu til Túnis né að neinar aðrar hindranir lögum samkvæmt væru við brottvísun þeirra. Þeim hafði verið synjað um inngöngu í landið á grundvelli þjóðernis síns þar sem þeir höfðu farið ólöglega yfir landamæri Ítalíu. Þeim hafði verið vísað brott samtímis en það hefði þó ekki falið í sér hópbrottvísun þar sem þeir áttu þess kost að mótmæla brottvísuninni. Var niðurstaða dómstólsins því sú að ekki hefði verið brotið gegn 4. gr. 4. viðauka.

Um 13. gr. og 3. gr.: Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að kærendur hefðu haft nein úrræði til að kvarta undan þeim aðstæðum sem þeir bjuggu við í móttökumiðstöðinni eða á skipunum og því hefði ítalska ríkið brotið gegn 13. gr., sbr. 3. gr. sáttmálans.

Um 13. gr. og 4. gr. 4. viðauka: Dómstóllinn tók fram að sérstaklega hefði komið fram í synjunum um inngöngu í landið að unnt væri að bera þær ákvarðanir undir dómstóla. Dómari gæti þá tekið til skoðunar hvort ríkið hefði tekið nægilegt tillit til persónulegra aðstæðna útlendingsins og hvort um væri að ræða hópbrottvísun en slíkt málskot frestaði þó ekki sjálfkrafa réttaráhrifum ákvarðananna. Dómstóllinn leit svo á að í þeim tilvikum, þegar kærendur báru ekki fyrir sig að hætta væri á broti gegn 2. og 3. gr. við brottvísun, væri ekki fyrir hendi hætta

3. gr. Bann við pyndingum

á óafturkræfum skaða ef brottvísunin væri framkvæmd. Sama ætti við í þeim tilvikum þegar kærandi héldi því fram að brottvísun fæli í sér hópbrottvísun ef hann bæri ekki fyrir sig þær aðstæður sem um ræðir í 2. og 3. gr. Sáttmálinn fæli ekki í sér afdráttarlausa skyldu til að tryggja að fyrir hendi væru úrræði sem fælu í sér sjálfkrafa frestun brottvísunarinnar, heldur eingöngu að einstaklingar ættu kost á raunhæfu úrræði til að láta reyna á ákvörðunina um brottvísun fyrir hlutlægum og sjálfstæðum dómstól. Það að ekki væri fyrir hendi úrræði gegn ákvörðun um brottvísun væri í sjálfu sér ekki brot gegn 13. gr. þegar kærendur héldu því ekki fram að raunveruleg hættu væri á að brotið væri gegn rétti þeirra skv. 2. eða 3. gr. sáttmálans í því landi sem þeir yrðu fluttir til. Þar af leiðandi væri ekki um að ræða brot á 13. gr. með hliðsjón af 4. gr. 4. viðauka sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 2.500 evrur í miskabætur hverjum um sig og 15.000 evrur sameiginlega vegna málskostnaðar.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Buzadji gegn Moldavíu

Dómur frá 5. júlí 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 23755/07

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Gæsluvarðhald. Stofufangelsi.

1. Málsatvik

Kærandi, Petru Buzadji, er moldavískur borgari, fæddur árið 1947. Kærandi var einn hluthafa og forstjóri hjá ríkisreknu gasfyrirtæki. Í júlí 2006 hófst rannsókn á meintum fjársvikum hans innan fyrirtækisins. Rannsóknin stóð í tíu mánuði og sýndi hann mikinn samstarfsvilja meðan á henni stóð. Kærandi var handtekinn 2. maí 2007 og formlega ákærður 5. maí 2007 fyrir stórfelld fjársvik. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli alvarleika þeirra brota sem hann var sakaður um.

Gæsluvarðhald kæranda var framlengt fjórum sinnum, í fyrstu tvö skiptin á þeim forsendum að hætta væri á því að hann reyndi að hafa áhrif á möguleg vitni. Í þriðja skiptið var kærandi settur í stofufangelsi en í fjórða skiptið var aftur talið að hann gæti mögulega haft áhrif á vitni og var hann því settur í almennt gæsluvarðhald á nýjan leik. Beiðnum kæranda um að vera leystur úr haldi, m.a. af heilbrigðisástæðum, var öllum hafnað.

Í júlí 2007 staðfesti hæstiréttur Moldavíu úrskurð um að kærandi skyldi hafður í stofufangelsi þar sem ekki þótti hætta á að hann reyndi að hafa áhrif á rannsókn málsins. Sat kærandi í stofufangelsi fram í mars 2008 þegar hann var leystur úr haldi gegn tryggingu. Kærandi var sýknaður af ákærinni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið á rétti sínum skv. 3. mgr. 5. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu þar sem ekki hefðu verið fyrir hendi næg rök til að úrskurða hann í gæsluvarðhald.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að til þess að réttlætanlegt væri að úrskurða einstakling í gæsluvarðhald yrði að vera hafið yfir skynsamlegan vafa að hinn grunaði hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi. Eftir tiltekinn tíma yrði þó eitthvað fleira að koma til. Þyrftu þær viðbótarástæður að vera bæði nauðsynlegar og nægilegar til að réttlæta frekari frelsissviptingu.

Dómstóllinn tók fram að stofufangelsi teldist frelsissvipting í skilningi 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn féllst ekki á þau rök ríkisins að kærandi hefði afsalað sér réttindum um að bera ákvörðun um gæsluvarðhald undir stjórnvöld með því að samþykkja stofufangelsi. Heilsu hans hefði hrakað mjög og því hefði verið skilj-

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

anlegt að hann vildi frekar sætta sig við stofufangelsi en almennt gæsluvarðhald. Stofufangelsið fól þó í sér frelsissviptingu með sama hætti og venjulegt gæsluvarðhald og myndi dómstóllinn því beita sömu viðmiðum við mat á því hvort skilyrði frelsissviptingar væru fyrir hendi þann tíma sem hann dvaldi í stofufangelsi og þann tíma sem hann var í gæsluvarðhaldi.

Dómstóllinn taldi að rök innlendra dómstóla fyrir frelsissviptingunni hefðu byggst á fastmótuðum og óhlutbundnum viðmiðum og að verið hefði ósamkvæmni í beitingu þeirra. Ekki hefði farið fram neitt mat á því hvernig þessi viðmið ættu við í máli kæranda. Þá hefðu dómstólar metið með mjög mismunandi hætti hvort hætta væri á því að kærandi myndi í raun reyna að hafa áhrif á vitni og eiga við sönnunargögn. Stundum hefðu dómstólar fallist á þann málatalbúnað ákærvaldsins og stundum ekki án þess að neinar skýringar lægju fyrir. Þá hefði ekkert mat farið fram á persónueiginleikum kæranda, eignum hans, tengslum við landið eða hegðun hans þá tíu mánuði sem rannsóknin stóð.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir innlendra yfirvalda um að vista kæranda í gæsluvarðhaldi og að framlengja gæsluvarðhaldið hefði ekki verið nauðsynlegar né byggðar á nægilegum og fullnægjandi rökum. Hefði því verið brotið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans í máli kæranda.

Kæranda voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 5.837 evrur í málskostnað.

Sex dómarrar skiluðu séráliti.

Alimov gegn Tyrklandi

Dómur frá 6. september 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Bann við pyndingum. Brottvísun. Frelssvipting. Útlendingar. Málsmeðferð. Raunhæf úrræði.

W.D. gegn Belgíu

Dómur frá 6. september 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Frelssvipting. Heilbrigðisþjónusta. Skortur á viðeigandi meðferð. Raunhæf úrræði. Leiðsögudómur.

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu – Yfirdeild

Dómur frá 15. desember 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Útlendingar. Vanvirðandi meðferð. Frelssvipting. Raunhæf úrræði. Hópbrottvísun.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 13. september 2016

Mál nr. 50541/08, 50571/08, 50573/08 og 40351/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Sakamál. Aðstoð verjanda.

1. Málsatvik

Kærendur eru sómalskir ríkisborgarar, Muktar Said Ibrahim, Ramzi Mohammed og Yassin Omar, fæddir 1978, 1981 og 1981. Fjórði kærandinn er breskur ríkisborgari, Ismail Abdurahman, fæddur í Sómalíu árið 1982. Hinn 7. júlí 2005 áttu sér stað sjálfsmorðssprengingar í samgöngukerfinu í London þar sem 52 létu lífið og fjöldi fólks særðist. Hinn 21. júlí 2005 var fjórum sprengjum til viðbótar komið fyrir en þær sprungu ekki. Gerendurnir flúðu af vettvangi en voru síðar handteknir. Þrír kærendanna voru handteknir og var í fyrstu neitað um lögfræðiaðstoð til þess að lögreglan gæti tekið skýrslur af þeim án tafar í því skyni að tryggja öryggi og koma í veg fyrir frekari skaða. Samkvæmt hryðjuverkalögum frá 2000 var heimilt að taka slíka skýrslu af grunuðum einstaklingi án þess að verjandi væri viðstaddur. Kærendur kváðust ekkert hafa vitað um sprengjurnar sem komið hafði verið fyrir í síðara skiptið. Fyrir dómi játuðu þeir að hafa tekið þátt í skipulagningu en að um hrekk hefði verið að ræða og það hefði aldrei verið ætlun þeirra að sprengja sprengjurnar. Í júlí 2007 voru þeir dæmdir í 40 ára fangelsi og var beiðni þeirra um áfrýjun synjað.

Fjórði kærandinn, Ismail Abdurahman, var ekki grunaður um að hafa komið sprengjunum fyrir og var í upphafi yfirheyrður sem vitni. Grunsemdir beindust þó að honum þegar hann tjáði sig um óþekktan geranda sem hann hefði aðstoðað. Samkvæmt lögum hefði þá átt að tilkynna kæranda að hann væri grunaður um refsiverða háttsemi og að hann ætti rétt á að hafa verjanda viðstaddan skýrslutökuna. Lögreglan hélt þó áfram að yfirheyra hann sem vitni og tók af honum skriflega yfirlýsingu. Í kjölfarið var hann handtekinn og boðin aðstoð verjanda. Yfirlýsing hans var lögð fram sem sönnunargagn í réttarhöldum hans. Í febrúar 2008 var hann sakfelldur fyrir að hafa aðstoðað við sprengjuárásina. Hann var dæmdur í tíu ára fangelsi, en sú refsing var lækkuð í átta ár eftir að hann áfrýjaði dómnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brotið á rétti sínum skv. 1. mgr. 6. gr. og c-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Þeim hafði ekki verið boðin aðstoð verjanda þegar þeir fengu réttarstöðu grunaðs manns og því hefðu þeir ekki notið réttlátrar málsmeðferðar þar sem við réttarhöldin hefðu verið byggt á skýrslum sem þeir gáfu án þess að verjandi væri viðstaddur.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Niðurstæða

Dómstóllinn taldi að fyrst yrði að svara því hvort brýnar ástæður hefðu legið að baki því að takmarka aðgang kæranda að aðstoð verjenda. Síðan þyrfti að taka afstöðu til þess hvor málsmeðferðin í heild sinni teldist réttlát í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að það hefði vissulega verið nauðsynlegt að yfirheyra kærendur án tafar til að koma í veg fyrir frekari árásir. Byggðist það mat á ríkri skyldu aðildarríkja til að tryggja réttindi fórnarlamba og mögulegra fórnarlamba sem varin eru í 2., 3. og 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Mikið álag hefði verið á lögreglunni á þessum tíma og algert forgangsatriði að taka skýrslur af meintum gerendum eins fljótt og auðið væri. Varðandi fyrstu þrjá kærendurna hefði skýr lagaheimild verið til staðar sem heimilað hefði takmörkun á aðgangi sakborninga að lögfræðiaðstoð. Heimildin hefði verið tímabundin og einungis hefði mátt halda þeim í varðhaldi við þessar aðstæður í 48 stundir. Auk þess hefði ákvörðunin verið tekin af yfirmanni lögreglunnar út frá mati á aðstæðum og hefði sú ákvörðun verið tekin á formlegan hátt. Dómstóllinn taldi því að nauðsynlegar og nægjanlegar ástæður hefðu legið að baki því að takmarka aðgang sakborninga að aðstoð verjenda á þessum tímapunkti.

Varðandi það hvort málsmeðferðin hefði verið réttlát í heild sinni vísaði dómstóllinn til þess að skýr lagarammi hefði verið til staðar sem lögregla hefði fylgt í hvívetna þrátt fyrir það mikla álag sem myndast hafði. Hinir þrír grunuðu höfðu verið handteknir og réttindi þeirra kynnt fyrir þeim. Einnig höfðu þeim verið kynntar ástæður þess að þeir fengu ekki lögfræðiaðstoð strax. Þá hefðu þeir átt þess kost að mótmæla notkun framburðar síns sem sönnunargagna við réttarhöldin. Þau mótmæli hefðu verið borin upp og metin af dómara sem hefði þó komist að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að nota framburð kæranda sem sönnunargögn. Þar að auki hafði framburður kæranda einungis verið einn þáttur í sönnunarfærslu ákærvaldsins en önnur sönnunargögn hefðu bent sterklega til sektar kæranda. Dómstóllinn taldi því að málsmeðferð í heild hefði verið réttlát í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstæða dómstólsins var því á þá leið að ekki hefði verið um að ræða brot á 1. mgr. 6. gr. og c-liðar 3. mgr. 6. gr. sáttmálans gagnvart fyrstu þremur kærendunum.

Dómstóllinn komst að annarri niðurstöðu varðandi fjórða kærandann, Abdurahman. Taldi dómstóllinn að ekki hefðu verið nauðsynlegar eða nægjanlegar ástæður fyrir því að neita honum um lögfræðiaðstoð. Engin heimild hefði verið í landslögum fyrir því að upplýsa hann ekki um að hann væri kominn með réttarstöðu grunaðs manns. Hann fékk heldur ekki tækifæri til að mótmæla aðgerðunum fyrir innlendum dómstólum þar sem hann hafði allan tímann haft réttarstöðu vitnis. Innlendir dómstólar hefðu fallist á að vitnisburður hans væri lagður fram sem sönnunargagn þar sem engin þvingun hefði átt sér stað. Dómstóllinn benti á að innlendir dómstóll hefði aldrei spurt yfirmann lögreglunnar um aðgerðirnar. Því hefði aldrei farið fram mat á því hvort réttmætar ástæður hefðu verið fyrir hendi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

til að neita kæranda um aðstoð verjanda. Vitnisburður kæranda hefði verið eitt af aðalsönnunargögnum í málinu og dómari beint þeim tilmælum til kvíðdóms að líta á vitnisburð kæranda líkt og hann hefði gefið hann af fúsum og frjálsum vilja.

Dómstóllinn taldi því að málsmeðferð kæranda gæti ekki talist réttlát í heild og hefði því verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. og c-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi ekki felast í niðurstöðu sinni að fjórði kærandi hefði verið ranglega sakfelldur enda væri ómögulegt að segja fyrir um hver niðurstaða innlendu dómstólanna hefði verið hefði ekki verið brotið á rétti hans skv. 6. gr. sáttmálans. Var kröfu hans um miska- og skaðabætur því hafnað en honum dæmdar 16.000 evrur í málskostnað.

Níu dómarrar skiluðu séráliti

Naku gegn Litháen og Svíþjóð

Dómur frá 8. nóvember 2016

Mál nr. 26126/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Einkamál. Uppsögn. Aðgangur að dómstólum.

1. Málsatvik

Kærandi, Sniegė Naku, er litháískur ríkisborgari. Hún er fædd árið 1959 og búsett í Vilnius.

Kærandi vann í sænska sendiráðinu í Vilnius í 14 ár áður en henni var sagt upp árið 2006. Hún hafði verið ráðin árið 1992 til að vinna sem ritari en gegndi síðar stöðu menningar- og upplýsingafulltrúa. Starfslýsingu hennar var í ljósi nýs hlutverks breytt í nóvember 2001 og aftur í mars og nóvember 2005. Árið 2004 kom upp deila milli kæranda og vinnuveitanda varðandi ábyrgð hennar. Deilan magnaðist haustið 2005 þegar nýr yfirmaður menningarmála var skipaður. Deilan náði síðar hápunkti í nóvember sama ár þegar kæranda var sagt að skila inn uppsagnarbréfi sínu. Kærandi ákvað að fara í veikindaleyfi frá þeim degi og fram í mars 2006. Á meðan hún var í veikindaleyfi var henni tilkynnt að málsmeðferð væri hafin vegna agabrota hennar og var henni síðan sagt upp í janúar 2006. Kærandi fór í mál við sænska sendiráðið í Litháen, en hún hélt því fram að sér hefði verið sagt upp með ólögætum hætti. Hún kvartaði sérstaklega yfir því að hafa verið sagt upp í andstöðu við litháísk lög á meðan hún var í veikindaleyfi. Litháískir dómstólar vísuðu málinu frá vegna diplómátískrar friðhelgi. Hæstiréttur Litháen staðfesti þá niðurstöðu í apríl 2007 á þeim forsendum að kærandi hefði verið starfsmaður erlends ríkis og unnið sendiráðsstörf sem féllu undir diplómátíska friðhelgi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á réttindum hennar til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þegar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dómstólar vísuðu máli hennar frá dómi á grundvelli friðhelgi sænska sendiráðsins. Hún hélt því fram að starfslýsing hennar væri slík að friðhelgi ætti ekki við þar sem hún hefði ekki verið hátt sett innan sendiráðsins. Hún taldi einnig að brotið hefði verið gegn rétti hennar skv. 11., sbr. 14. gr. sáttmálans þar sem uppsögn hennar hefði tengst aðild hennar að stéttarfélagi.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði kæru skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans frá að því er varðaði Svíþjóð. Tók hann fram að Svíþjóð hefði verið gagnaðili kæranda í einkamáli sem höfðað var fyrir litháískum dómstólum. Sænska ríkið hefði ekki farið með neitt vald yfir kæranda og málsmeðferðin öll farið fram fyrir litháískum dómstólum sem hefðu verið eini aðilinn sem farið hefði með vald yfir kæranda. Sænska ríkið hefði því einungis komið fram sem einkaaðili í dómsmálinu. Sú staðreynd að sænskur sendiherra bar fyrir sig friðhelgi fyrir litháískum dómstólum dygði ekki til að unnt væri að líta á svo á að kærandi hefði lotið lögsögu sænska ríkisins í skilningi 1. gr. sáttmálans. Var kæru hennar á hendur sænska ríkinu því vísað frá.

Mannréttindadómstóllinn taldi að sú niðurstaða litháískra dómstóla að líta svo á að allir sem ynnu hjá sendiráði, þ.á.m. starfsfólk í stjórnsýslu, tækni og þjónustu, væru í þjónustu viðkomandi ríkis og þess vegna yrði fallist á vörn byggða á friðhelgi ríkisins, fæli í sér brot á rétti kæranda til aðgangs að dómstólum í skilningi 6. gr. enda hefðu dómstólar vísað kröfu hennar frá án þess að fyrir því lægju viðeigandi og fullnægjandi ástæður sem ættu við í máli kæranda sérstaklega. Hefði þannig ekkert mat verið lagt á hvort starfsskyldur kæranda hefðu í raun verið þannig að friðhelgi ætti við. Var því talið að Litháen hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæru skv. 11., sbr. 14. gr. sáttmálans, var aftur á móti vísað frá þar sem hún þótti augljóslega illa grunduð.

Voru kæranda dæmdar 8.000 evrur í miskabætur og 17.000 evrur í málskostnað.

Lupeni Greek Catholic Parish o.fl. gegn Rúmeníu

Dómur frá 29. nóvember 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 76943/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

14. gr. Bann við mismunun

Einkamál. Aðgangur að dómstólum. Fyrirsjáanleiki. Málsmeðferðartími.

Mismunun á grundvelli trúarbragða.

1. Málsatvik

Kærendur eru þrír, Lupeni-sókn grísk-kaþólsku kirkjunnar, Logoj-biskupsdæmið og kaþólska erkiprestssóknin í Lupeni. Allir þessir aðilar eru staðsettir í Rúmeníu og tilheyra kaþólsku kirkjunni.

Í kjölfar upplausnar grísk-kaþólsku kirkjunnar í Rúmeníu árið 1948 var eignarhald tiltekinnar kirkju, sem tilheyrt hafði fyrsta kæranda, fært til rúmensku

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

réttrúnaðarkirkjunnar. Fyrsta kæranda, sem tilheyrir öðrum og þriðja kæranda, var komið aftur á fót árið 1996. Eftir að kommúnistastjórn Rúmeníu féll árið 1989 voru sett sérstök lög sem kváðu á um að leyst skyldi úr lagalegum ágreiningi um hald á eignum sem höfðu verið færðar frá grísk-kaþólsku kirkjunni til rétttrúnaðarkirkjunnar af nefnd sem skipuð væri fulltrúum frá báðum kirkjum. Samkvæmt lögnum skyldi nefndin taka tillit til óska safnaðanna í þeim sóknum sem eignirnar voru í. Unnt var að bera niðurstöður nefndarinnar undir dómstóla samkvæmt hefðbundnum leiðum.

Árið 2001 fóru kærendur í mál til þess m.a. að fá dæmt til sín eignarhald á tiltekinni kirkju. Kærendur unnu málið á fyrsta dómstigi en þeirri niðurstöðu var snúið við af áfrýjunardómstól árið 2010 á þeim forsendum að eignarhald á trúarlegum byggingum ætti að vera ákveðið af þeim einstaklingum sem sæktu trúarsamkomur í hverri sókn, enda væri það í samræmi við 3. gr. ofangreindra laga. Áfrýjunardómstóllinn taldi að íbúar Lupeni-sóknar, sem að mestu leyti tilheyrðu rétttrúnaðarkirkjunni, hefðu mótmælt því að kirkjunni yrði komið aftur í hendur kaþólsku kirkjunni. Niðurstaða áfrýjunardómstólsins var staðfest af hæstarétti Rúmeníu árið 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið á rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Kærendur kvörtuðu yfir því að mál þeirra hefði ekki verið dæmt á grundvelli almennra laga heldur sérstöku laganna sem hefðu kveðið á um að óskir íbúa í kirkjusóknum skyldu hafa áhrif á hvernig eignarhald væri ákveðið. Kærendur töldu að þetta sjónarmið um óskir íbúa hefði ekki verið fyrirjáanlegt og hefði gert það að verkum að aðgangur þeirra að dómstólum hefði í raun verið til málamynda. Þeir töldu enn fremur að málsmeðferðin hefði verið of löng og því farið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kærendur töldu jafnframt að þeim hefði verið mismunað í andstöðu við 14. gr., sbr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn skipti umfjöllun sinni um 6. gr. í þrjá hluta.

Í fyrsta lagi skoðaði hann rétt kæranda til aðgangs að dómstólum. Kærendur höfðu borið fyrir sig að beiting dómstóla á þeirri sérstöku löggjöf, sem kvað á um að vilji íbúa í kirkjusóknum ætti að hafa áhrif á ákvarðanir um eignarhald, hefði falið í sér takmörkun á rétti þeirra til aðgangs að dómstólum og í raun gert það að verkum að sá réttur sem þeir nutu formlega hefði einungis verið til málamynda. Dómstóllinn tók strax fram að kærendum hafði ekki verið bannað að sækja mál sitt fyrir dómstólum og að þrjú mismunandi dómstig hefðu fjallað um mál þeirra. Kærendur höfðu þar möguleika á að leggja fram sönnunargögn og röksemdir sem tekin voru til skoðunar af þeim dómurum sem fóru með málið hverju sinni. Dómstólarnir höfðu skoðað mál kærendanna í ljósi viðeigandi laga og tekið inn í

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

matið sérstöðu málsins. Dómstólarnir höfðu lagt í mikla rannsókn á vilja íbúanna í Lupeni-sókn og komist að lokum að þeirri niðurstöðu að vilji þeirra til að halda eignarhaldi kirkjunnar undir rétttrúnaðarkirkjunni væri sannur og réttmætur. Með þetta í huga komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að mál kæranda snerist ekki um formlega lagahindrun, heldur efnislega, sem kom ekki í sjálfu sér í veg fyrir að dómstólar gætu lagt mat á málið. Kærendur voru því, að mati dómstólsins, að kvarta yfir erfiðleikum þeirra við að uppfylla efnisleg skilyrði sérstöku laganna. Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins fól 6. gr. ekki í sér bann við efnislegum takmörkunum í landsrétti, og gat skilyrði sérstöku laganna um vilja íbúanna því ekki talist takmörkun á aðgangi að dómstólum. Enn fremur tók dómstóllinn fram að samningsríkin nytu ákveðins svigrúms til mats þegar kæmi að reglum um aðgang að dómstólum. Dómstóllinn komst í ljósi þessa að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans að því er varðaði aðgang að dómstólum.

Í öðru lagi lagði dómstóllinn mat á það hvort brotið hefði verið gegn reglunni um lagalegan fyrirsjáanleika (e. *legal certainty*). Rúmenski löggjafinn hefði breytt sérstöku lögunum um eignarhald á kirkjum þannig að ef forsvarsmenn trúfélaga gætu ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um eignarhald gæti ósáttur aðili farið með mál sitt fyrir dómstóla í samræmi við almenn lög. Þessi vísun í almenn lög hefði valdið ruglingi í framkvæmd þar sem sumir dómstólar hefðu lagt til grundvallar almenn lög og reglur um eignarhald og sönnun á eignarhaldi en aðrir dómstólar teldu að taka ætti mið af sérstöku reglunni um vilja íbúanna eins og hún birtist í sérstöku lögunum. Þessi mismunandi túlkun á hugtakinu „almenn lög“ hefði því leitt til þess að mismunandi efnisreglur voru lagðar til grundvallar á mismunandi dómstigum. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að jafnvel innan hæstaréttar Rúmeníu væri ekki samstaða um hvernig túlka bæri þetta ákvæði og komið hefðu dómur frá réttinum þar sem sem báðar túlkanir væru lagðar til grundvallar. Þessi misvísandi dómaframkvæmd hefði haft áhrif á fjölmörg mál í Rúmeníu en frá árinu 2012 hefði hæstiréttur Rúmeníu samræmt túlkun sína. Dómstóllinn tók fram að samningsríkjunum bæri skylda til að skipuleggja réttarkerfi sitt með þeim hætti að misvísandi dómaframkvæmd yrði ekki til. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að í máli kæranda hefði verið til staðar réttaróvissa sem hefði stafað af misvísandi dómaframkvæmd hæstaréttar Rúmeníu. Sú dómaframkvæmd hefði grafið undan réttaröryggi og skert rétt kæranda til réttlátrar málsmeðferðar í andstöðu við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Í þriðja lagi komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að málsmeðferðin, sem alls hefði tekið rúm títu ár, hefði verið óhæfilega löng og því í andstöðu við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. sbr. 6. gr.: Kærendur báru fyrir sig að þeir hefðu sett mismunun varðandi aðgang að dómstólum í samanburði við rétttrúnaðarkirkjuna. Dómstóllinn tók í fyrsta lagi fram að kærendur hefðu kvartað yfir efnislegum takmörkunum á aðgangi að dómstólum, og í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins tryggði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ekki sérstakan efnislegan rétt innan samningsríkjanna. Í öðru lagi tók dómstóllinn sérstaklega fram að aðgangur kæranda að dómstólum hefði verið nákvæmlega sá sami og aðgangur rétttrúnaðarkirkjunnar og að lög í

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Rúmeníu gerðu engan greinarmun á kaþólsku kirkjunni og rétttrúnaðarkirkjunni. Dómstóllinn viðurkenndi þó að sökum aðstæðna í Rúmeníu og þeirrar staðreyndar að flestir Rúmenar væru meðlimir í rétttrúnaðarkirkjunni, væri líklegast að niðurstöður í málum um eignarhald á kirkjum og jörðum væru rétttrúnaðarkirkjunni í vil. Það eitt og sér væri þó ekki nóg til þess að um ólögsmæta mismunun væri að ræða og var niðurstaða dómstólsins sú að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr., sbr. 6. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 4.700 evrur í miskabætur og 13.121 evrur í málskostnað.

Jensen gegn Danmörku

Dómur frá 13. desember 2016

Mál nr. 8693/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Einkamál. Aðgangur að dómstólum. Málskostnaður.

1. Málsatvik

Kærandi, Henrik Mønsted Jensen, er danskur ríkisborgari, fæddur árið 1957 og býr í Skørping í Danmörku. Hann hafði verið sakfelldur fyrir brot á hugverka-rettindum með því að hafa selt lampa og hnífa sem voru fölsuð hönnun. Var hann dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og 120 klukkustunda samfélagsvinnu. Allur söluhagnaður og hin falsaða hönnun voru gerð upptæk.

Kærandi og lögmaður hans voru viðstaddir þegar dómurinn var kveðinn upp. Í þeim réttarhöldum var honum gerð grein fyrir því að hann þyrfti að greiða lögmannskostnað en var ekki upplýstur um hver upphæðin væri nákvæmlega. Í janúar 2010 var hann upplýstur um að hann þyrfti að greiða sem samsvaraði 77.000 evrum í lögmannskostnað. Hann skaut ákvörðuninni til æðri dómstóls, fyrst með bréfi dags. 17. janúar, og kvartaði yfir því að hann þyrfti sjálfur að greiða allan kostnaðinn án framlags úr ríkissjóði. Málskoti hans var vísað frá þar sem það hafði borist of seint, eða eftir að 14 dagar voru liðnir frá því að kæranda var tilkynnt að hann þyrfti að greiða lögmannskostnað þótt hann hefði ekki verið upplýstur um það hver upphæðin væri fyrir en síðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans skv. 1. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu þar sem ekki væri réttlátt að leggja þá skyldu á málsaðila að greiða lögmannskostnað í dómsmáli án þess að tilgreina upphæðina.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að meginregluna um réttinn til aðgangs að dómstólum mætti finna í dómaframkvæmd dómstólsins og að sá réttur gæti verið háður ákveðnum takmörkunum. Það væri hlutverk dómstóla aðildarríkjanna að túlka

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

innlendar reglur um málsmeðferð en að hlutverk mannréttindadómstólsins væri að ganga úr skugga um hvort túlkunin væri í samræmi við sáttmálann. Tímafrestur gæti talist vera lögmætar takmarkanir en máli skipti hvernig þeim væri beitt í hverju máli fyrir sig. Ef frestur byrjaði að líða áður en aðili fengi vitneskju um þá ákvörðun sem um ræddi væri takmörkunin ekki fyrirsjáanleg.

Í bréfum kæranda til áfrýjunardómstólsins kom fram að hann væri ósáttur við að þurfa að greiða lögmanskostnaðinn án framlags úr ríkissjóði. Kærandi hélt því ekki fram að upphæðin sjálf væri of há eða ranglega reiknuð. Þar sem áfrýjunin snerti ekki upphæðina heldur eingöngu ákvörðunina um að hann þyrfti að greiða lögmanskostnað var upphaf tímafrestsins sá tími þegar hann fékk fyrst vitneskju um að hann þyrfti að greiða kostnaðinn. Óumdeilt væri að kærandi hefði verið viðstaddur réttarhöldin þar sem tilkynnt var að honum bæri að greiða lögmanskostnað ásamt því að honum var sent endurrit dómsins nokkrum dögum síðar þar sem hið sama kom fram. Tímafresturinn kom bæði fram í dómnum og í lögum sem kærandi og lögmaður hans höfðu báðir aðgang að. Kærandi hefði því haft möguleika og nægan tíma til að áfrýja ákvörðuninni um að hann einn ætti að greiða kostnaðinn án aðkomu ríkissjóðs. Þar að auki hefði kærandi getað kært ákvörðunina um upphæð kostnaðarins innan fjórtán daga frá því að hann fékk vitneskju um hana.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Sagvolden gegn Noregi

Dómur frá 20. desember 2016

Mál nr. 21682/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Einkamál. Skriflegur málflutningur. Þvinguð sala íbúðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Torill Sagvolden, var norskur ríkisborgari sem fæddist 1929 og lést árið 2015. Málið snerist um nauðungarsölu á íbúð hennar í húsnæðissamvinnufélagi. Áður en hún eignaðist húsnæðið hafði hún skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að hún myndi búa ein í húsnæðinu. Þrátt fyrir það fluttist sonur hennar til hennar nokkru síðar. Sonur kæranda lenti ítrekað í deilum og slagsmálum við nokkra af nágrönnum kæranda.

Á árunum 2006 og 2008 var sonur kæranda sakfelldur fyrir nokkur ofbeldisbrot sem flest voru framin gegn nágrönnum hans á árunum 2005–2008. Fjórir nágrannar hans höfðu fengið nálgunarbann á hann en hið síðasta hafði runnið út í apríl 2009. Síðar sama ár hafði stjórn húsnæðissamvinnufélagsins höfðað mál gegn kæranda til þess að knýja fram nauðungarsölu á íbúð hennar. Innlendum dómstóll féllst á að hún hefði vanrækt skyldur sínar í verulegum mæli og að skilyrði væri fyrir því að selja íbúð hennar. Dómur var kveðinn upp í málinu án þess að munnlegur málflutningur

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

færi fram á þeim grundvelli að vörn kæranda hefði verið augljóslega illa grunduð. Kærandi áfrýjaði dómnum en æðri dómstólar höfnuðu áfrýjunarbeiðninni.

Kærandi og sonur hennar hófu ýmis önnur málaferli í tengslum við sölu íbúðarinnar sem báru ekki árangur. Kærandi lést í nóvember 2015 og sóttust erfingjar hennar eftir því að halda málinu áfram hjá Mannréttindadómstólnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun dómara um að hafna munnlegum málf lutningi hefði verið brot á rétti hennar skv. 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og að sala íbúðarinnar hefði falið í sér brot á rétti hennar skv. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Með vísan til þeirra varna sem kærandi hafði fært fram fyrir innlendum dómstólum taldi dómstóllinn að ekkert hefði mælt gegn því að málið færi fram skriflega. Málið hefði aðallega snúist um hvort kærandi hefði talist hafa brotið verulega gegn skyldum sínum við húsnæðissamvinnufélagið. Þetta mat sneri eingöngu að syni hennar en áður hafði verið leyst úr því munnlega fyrir dómstólum að hann hefði gerst sekur um refsiverða hegðun. Dómstóllinn féllst því á að málið hefði verið svo einfalt í sniðum að ekki hefði þurft að fara fram munnlegur málf lutningur og því ekki um að ræða brot á rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þótt hún hefði ekki átt kost á munnlegum málf lutningi.

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að þótt um hefði verið að ræða ráðstöfun sem gengi á rétt kæranda skv. 8. gr., hefði skerðingin verið lögum samkvæmt og stefnt að lögmætu markmiði, réttindum og frelsi annarra sem voru talin vega þyngra en réttindi kæranda. Hún hefði haft aðgang að dómstólum sem hefðu endurskodað ákvörðunina, bæði varðandi lögmæti en einnig sanngirni og meðalhóf. Taldi dómstóllinn því að ekki hefði verið brotið gegn rétti hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Sex dómarrar skiluðu séráliti.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dubská og Krejzová gegn Tékklandi
Dómur frá 15. nóvember 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 28859/11 og 28473/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Heimafæðingar. Svigrúm til mats. Almanahagsmunir.

1. Málsatvik

Kærandur, Šárka Dubská og Alexandra Krejzová, eru tékkneskir ríkisborgarar, fæddar 1985 og 1980, búsettar í Jilmenice og Prag í Tékklandi. Báðir kærandur ákváðu að fæða börn sín í heimahúsi en samkvæmt tékkneskum lögum er ljósmæðrum óheimilt að aðstoða við heimafæðingar.

Pegar fyrri kærandi gekk með annað barn sitt árið 2010 ákvað hún að fæða heima vegna þeirrar streituvaldandi reynslu sem fæðing fyrsta barns hennar á sjúkrahúsi hafði verið. Hafði hún m.a. verið hvött til þess að gangast undir ýmsar læknisáðgerðir gegn vilja sínum og henni hafði einnig verið gert að dvelja lengur á sjúkrahúsinu en hún hefði viljað. Hún hafði komist að því að opinbera heilbrigðis-kerfið í Tékklandi greiddi ekki fyrir kostnað við heimafæðingar og að ljósmæður gætu aðeins aðstoðað á stöðum þar sem ákveðinn útbúnaður væri til staðar. Fyrri kærandi átti að lokum barn sitt heima hjá sér í maí 2011. Í febrúar 2012 vísaði stjórnlagadómstóll Tékklands máli hennar frá, en hún hafði kvartað yfir því að hafa ekki getað notið aðstoðar ljósmóður.

Seinni kærandi átti tvö fyrstu börn sín heima á árinum 2008 og 2010 með aðstoð ljósmæðra sem hjálpuðu henni án leyfis frá ríkinu. Á þeim tíma sem seinni kærandi kærði mál sitt til dómstólsins gekk hún með sitt þriðja barn. Þar sem ný lög frá 2012 lögðu háar sektir á ljósmæður sem veittu aðstoð utan sjúkrahúss átti seinni kærandi erfitt með að finna ljósmóður til að aðstoða sig við heimafæðingu. Seinni kærandi fæddi þriðja barn sitt á sjúkrahúsi um 140 km frá Prag.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að sú stadreynd að mæður ættu ekki möguleika á að fæða börn sín í heimahúsi með hjálp ljósmóður fæli í sér brot á réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða

Dómstóllinn var þeirrar skoðunar að val á því á hvaða stað móðir fæðir börn sín væri í grundvallaratriðum tengt einkalífi hennar og félli því innan marka 8. gr. Sáttmálans.

Tók dómstóllinn fram að valfrelsi mæðra hefði verið verulega skert með þeirri löggjöf sem lagði háar sektir á ljósmæður sem aðstoðuðu við fæðingar utan

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sjúkrahúsa. Konur í svipaðri stöðu og kærndur ættu þann kost einan vegna sektanna að fæða börn sín án aðstoðar ljósmæðra ef þær kysu að fæða heima. Dómstóllinn taldi að í þessu fælist skerðing á friðhelgi einkalífs þeirra skv. 8. gr. sáttmálans. Skerðingin hefði verið í samræmi við tékknesk lög og kærndur hefðu í upphafi átt að skilja að heimili þeirra voru ekki útbúin með þeim hætti að ljósmæður gætu löglega starfað þar. Umrædd skerðing væri jafnframt sett með það að markmiði að fjölga fæðingum á sjúkrahúsum í því skyni að auka heilbrigði og öryggi kvenna og barna þeirra. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hlutverk hans að ákveða hvaða leið hentaði í hverju samningsríki til að ná markmiðum á borð við almannaoöryggi og að í tengslum við slíkt nýtu samningsríki víðtæks svigrúms til mats. Enn fremur væri ekki samstaða milli samningsríkjanna um heimafæðingar og hvort þær væru af hinu góða eða ekki.

Dómstóllinn varð því að vega og meta mismunandi hagsmuni, þ.e. rétt kærnda til friðhelgi einkalífs og rétt tékkneska ríkisins til að vernda almannahagsmuni, og ákveða hvort jafnvægi hefði verið náð á milli þessara ólíku hagsmuna. Dómstóllinn tók fram að heimafæðingum fylgdi meiri áhætta en fæðingum á sjúkrahúsum. Óvænt vandamál kynnu að koma upp við fæðingu sem gætu krafist ákvedins útbúnaðar sem ekki væri til staðar nema á sjúkrahúsi. Hins vegar væru aðstæður á þeim fæðingardeildum sem kærndur hefðu þurft að notfæra sér gagnrýniverðar og svo virtist sem fjöldi sjúkrahúsa í Tékklandi virti ekki óskir mæðra um heilbrigðisþjónustu við fæðingar. Væri þetta m.a. staðfest í rannsókn á tékkneska heilbrigðiskerfinu sem gerð var árið 2010. Tékkneska ríkið hefði þó sett ákveðið ferli af stað sem ætlað væri að bæta úr þeim göllum sem fjallað var um í skýrslunni. Dómstóllinn beindi því til þeirra að halda því ferli áfram.

Með vísan til þess að jafnvægi hefði verið náð á milli hagsmuna kærnda sem verndaðir eru í 8. gr. sáttmálans og þeirra almannahagsmuna sem umræddri takmörkun var ætlað að mæta taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn ákvæðinu.

Fimm dómáramur skilufðu séráliti.

Salem gegn Danmörku

Dómur frá 1. desember 2016

Mál nr. 77036/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingur. Brottvísun. Endurkomubann. Börn. Friðhelgi fjölskyldu.

1. Málsatvik

Kærandi, Mahmoud Kalil Salem, er ríkisfangslaus maður frá Palestínu, fæddur árið 1969 í Líbanon. Hann kom til Danmerkur árið 1993 þegar hann var 23 ára. Ári síðar kvæntist hann dönskum ríkisborgara af líbönskum uppruna og í kjölfarið fékk hann dvalarleyfi. Hjónin eignuðust átta börn en kæranda var veitt hæli í Danmörku árið 2000.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Í júní 2010 var kærandi sakfelldur fyrir 18 refsiverð brot, framin á árunum 2006–2009, m.a. fyrir sölu og smygl á ólöglegum vímuefnum, ólögmeða nauðung með ofbeldi og hótunum, fjárkúgun, þjófnað, flóttu úr haldi lögreglu og ólöglegan vopnaburð. Var talið sannað að hann hefði gegnt aðalhlutverki í smygli á yfir 100 kílóum af hassi og 200 grömmum af kókaíni og að hann hefði beitt ofbeldi gegn hlutdeildarmönnum sínum og viðskiptavinum. Hann var dæmdur í fimm ára fangelsi og til að sæta brottvísun sem var frestað með tveggja ára skilorði. Málinu var áfrýjað og staðfesti æðri dómstóll dóminn að hluta en þyngdi refsinguna í sex ára fangelsi. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til hæstaréttar Danmerkur í því skyni að fella úr gildi frestun brottvísunarinnar. Hæstiréttar féllst á það og lagði auk þess ævilangt bann við því að kærandi sneri aftur til Danmerkur. Dómstóllinn leit til þess að kærandi átti átta ósjálfráða börn í Danmörku en lagði áherslu á hve víðtækur og alvarlegur sakarferill kæranda væri og að hann hefði lítt aðlagast dönsku samfélagi. Þar að auki hefði kærandi enn tengsl við Líbanon. Kæranda var síðan vísað brott til Líbanons.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brottvísun hans frá Danmörku hefði falið í sér brot á rétti hans til fjölskyldulífs í andstöðu við 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem hún hefði í för með sér aðskilnað hans og barna hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi hæstarétt Danmerkur hafa lagt mat á þá andstæðu hagsmuni sem á reyndi í málinu og tók fram að hann hefði sérstaklega tekið mið af aðferðafræði dómstólsins í sambærilegum málum. Með vísan til þess hve alvarleg fíkniefnabrot kæranda voru og að teknu tilliti til fullveldis aðildarríkja og réttar þeirra til að stjórna dvöl útlendinga á yfirráðasvæði sínu, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brottvísun kæranda, sem hefði falið í sér takmörkun á rétti hans skv. 8. gr., hefði verið studd viðeigandi og fullnægjandi ástæðum og að meðalhófs hefði verið gætt.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Lindstrand Partners Advokatbyrá AB gegn Svíþjóð

Dómur frá 20. desember 2016

Mál nr. 18700/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Rannsókn skattayfirvalda. Húsleit. Raunhæf úrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, Lindstrand Partners Advokatbyrá AB, er sænsk lögfræðistofa. Málið snerist um leit sem fram fór í húsakynnum stofunnar af hálfu skattayfirvalda vegna rannsóknar á tveimur öðrum fyrirtækjum. Grunur lá á að ekki hefði verið greiddur skattur af umtalsverðum fjárhæðum í viðskiptum kæranda við ákveðna skjólstæðinga sína, SNS-LAN Trading AB og svissneskt fyrirtæki. Hinn 4. mars 2008 sóttust skattayfirvöld eftir því hjá dómstólum að fá að beita SNS-LAN þvingunaradgerðum, sérstaklega um leit og haldlagningu ákveðinna skjala og annarra gagna sem gætu varpað ljósi á eignarhald svissneska fyrirtækisins og viðskipti þess við SNS-LAN.

Þar sem SNS-LAN hafði verið slitið og var ekki lengur með starfsstöð báðu skattayfirvöld um að leit færi fram á tveimur öðrum stöðum sem tengdust stjórnanda fyrirtækisins, Jurik. Annað heimilisfangið var starfsstöð kæranda á þeim grundvelli að Jurik starfaði þar. Féllust dómstólar á beiðni skattayfirvalda um húsleitarheimild 10. mars 2008 og fór leitin fram fjórum dögum síðar. Leitað var í skápum, skúffum og tölvum og læstur öryggisskápur var opnaður. Ekki fannst neitt hjá kæranda sem kom að gagni en yfirvöld gerðu upptæk gögn heima hjá Jurik, m.a. minniskubba sem kærandi hélt fram að tilheyrðu sér.

Kærandi og SNS-LAN kærðu húsleitina til stjórnisýsludómstóls 10. mars 2008 en henni var vísað frá á þeim grundvelli að þó að leitin hefði falið í sér þvingunarúrræði á starfsstöð kæranda hefði kærandi ekki verið andlag aðgerðarinnar. Leitin hefði farið fram þar sem talið var víst að gögn tengd rannsókninni á SNS-LAN fyndust þar. Dómstóllinn taldi því að kærandi hefði ekki lögvarða hagsmuni sem gætu leitt til þess að hann ætti aðild að kærumálinu. Kærandi höfðaði einnig mál í því skyni að endurheimta gögn sem skattayfirvöld höfðu haldlagt en því máli var einnig vísað frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að réttur hans skv. 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu hefði verið brotinn þar sem skattayfirvöld hefðu fengið að leita í starfsstöð hans og haldlagt minniskubba sem voru í eigu kæranda. Kærandi tiltók einnig að brotið hefði verið gegn 13. gr. með hliðsjón af 8. gr. Sáttmálans þar sem máli hans hefði verið vísað frá þegar hann áfrýjaði til æðri stjórnisýsludómstóls og beiðni hans um að ákveðin gögn væru undanþegin rannsókninni hefði verið hafnað.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að leitin á skrifstofu kæranda teldist takmörkun á réttindum kæranda skv. 8. gr. en féllst ekki á að leitin og haldlagningin í íbúð Juríks hefði verið takmörkun á réttindum kæranda skv. sömu grein. Dómstóllinn taldi aðgerðina hafa farið fram í samræmi við lög og að stefnt hefði verið að lögmætu markmiði, efnahagslegri velferð landsins. Leitin hefði ekki gengið lengra en nauðsynlegt var til að ná því markmiði sem stefnt var að og taldi dómstóllinn því skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi uppfyllt. Ekki hefði því verið um að ræða brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Þó að dómstóllinn hefði slegið því föstu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. þá taldi hann að um slíka hagsmuni væri að ræða að kærandi hefði átt rétt á raunhæfu úrræði skv. 13. gr. til að leita réttar síns. Í máli því sem kærandi höfðaði til að endurheimta ákveðin gögn, tók dómstóllinn fram að ekki hefði verið lagt hald á þau á stofu kæranda og því tilheyrðu þau henni ekki. Því hefði haldlagningin ekki skert rétt kæranda skv. 8. gr. en dómstóllinn tók fram að það væri þó möguleiki að í þeim gögnum væru skjöl sem féllu undir trúnað lögmanns og skjólstaðings. Dómstóllinn tók fram að þó að þessu tiltekna máli hefði verið vísað frá hefði eigandi gagnanna sjálfur höfðað mál til endurheimtu þeirra og úr því hefði verið leyst efnislega. Þó að kærandi hefði ekki formlega verið aðili að málinu hefðu allar málsástæður hans verið færðar fram í því máli. Dómstóllinn taldi að í þessum kringumstæðum hefði kærandi haft raunhæft úrræði með tilliti til endurheimtu gagnanna.

Varðandi málshöfðunina sem laut að leit skattayfirvalda á skrifstofu kæranda taldi dómstóllinn að þótt húsleitinn hefði ekki beinst að kæranda sjálfum þá hefði leitinn farið fram á starfsstöð hans þar sem leitað hefði verið í skápum, skúffum, tölvum og öryggisskáp. Að mati dómstólsins var ljóst að leitinn hefði snert réttindi kæranda sem hefði haft réttmæta ástæðu til að fá endurskoðun á því hvort leitinn væri í samræmi við réttindi hans skv. sáttmálanum, þá sérstaklega 8. gr. Kæranda hefði verið neitað um aðgang að dómstólum og hefði þar með ekki haft raunhæft úrræði til að leita réttar síns. Það var einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans

Kærandi krafðist hvorki skaða- né miskabóta en voru dæmdar 5.000 evrur í málskostnað.

Sagvolden gegn Noregi

Dómur frá 20. desember 2016

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Einkamál. Skriflegur málflutningur. Þvinguð sala íbúðar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Magyar Helsinki Bizottság gegn Ungverjalandi – Yfirdeild

Dómur frá 8. nóvember 2016

Mál nr. 18030/11

10. gr. Tjáningarfrelsi

Réttur til aðgangs að upplýsingum. Meðalhóf.

1. Málsvik

Kærandi, Magyar Helsinki Bizottság (ungverska Helsinki-nefndin), hefur aðsetur í Búdapest. Samtökin hafa eftirlit með innleiðingu alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga í Ungverjalandi.

Samtökin unnu að rannsókn á gæðum lögfræðiþjónustu skipaðra verjenda og óskaði þess vegna eftir því að lögregluembætti afhentu sér lista yfir nöfn skipaðra verjenda og upplýsingar um fjölda þeirra mála sem hver þeirra annaðist. Samtökin reistu beiðni sína á upplýsingalögum frá 1992. Árið 2009 höfðuðu samtökin mál á hendur tveimur lögregluembættum sem neituðu að afhenda umbednar upplýsingar. Dómstóll á fyrsta dómstigi fyrirskipaði afhendingu gagnanna en áfrýjunardómstóll taldi lögregluembættunum ekki skyld að afhenda upplýsingarnar. Hæstiréttur Ungverjalands staðfesti þá niðurstöðu árið 2010 á þeim grundvelli að þessar upplýsingar, þ.m.t. nöfn verjendanna, væru ekki opinberar upplýsingar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun dómstóla um að hafna beiðni hans um upplýsingar hefði brotið gegn rétti hans til aðgangs að upplýsingum sem væri varinn af 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að 10. gr. sáttmálans gæti undir ákveðnum kringumstæðum verið túlkuð þannig að hún tryggði rétt til aðgangs að upplýsingum og að synjun um afhendingu upplýsinga gæti því falið í sér takmörkun á þeim rétti. Dómstóllinn tók fram að þær upplýsingar sem kærandi hafði beiðið um hefðu verið nauðsynlegar fyrir þá rannsókn sem hann var að vinna að og að sú rannsókn snerti hagsmuni almennings. Af þeirri ástæðu taldi dómstóllinn að takmörkun á aðgangi að þessum upplýsingum, sem yfirvöld höfðu óheftan aðgang að, hefði takmarkað rétt kæranda samkvæmt 10. gr.

Umrædd takmörkun átti sér stað í lögum og stefndi að lögmætu markmiði, þ.e. að vernda persónuupplýsingar. Samkvæmt ungverskum lögum gátu allar upplýsingar sem tilgreindu einstaklinga fallið undir hugtakið persónuupplýsingar og slíkar upplýsingar féllu utan marka upplýsingalaganna, nema sérstaklega væri kveðið á um annað í lögum, eða upplýsingarnar tengdust störfum sveitarfélaga, ríkis eða

10. gr. Tjáningarfrelsi

annars aðila sem færi með ríkisvald. Þar sem hæstiréttur Ungverjalands hefði talið verjendur ekki vera „aðila sem færu með ríkisvald“ hefði kærandi ekki getað fengið aðgang að upplýsingunum.

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði óskað eftir nöfnum verjendanna og fjölda mála sem hver þeirra hefði flutt. Þó að nöfn væru augljóslega persónuleg í eðli sínu taldi dómstóllinn að óskað hefði verið eftir þeim vegna starfa verjendanna og að störf verjenda gætu ekki talist vera einkamál þeirra sjálfra. Dómstóllinn taldi engin rök fyrir því að hefta aðgang að upplýsingum um nöfn verjenda, ekki frekar en hægt væri að hefta aðgang að upplýsingum um dagskrá hjá dómstólum.

Dómstóllinn tók þó fram að 10. gr. tryggði ekki ótakmarkað tjáningarfrelsi og að einkahagsmunir gætu réttlætt takmörkun á þeim réttindum sem ákvæðið verndaði. Dómstóllinn taldi því að mikilvægast væri að svara þeirri spurningu hvort meðalhöfs hefði verið gætt í málinu. Rannsókn kæranda hefði lotið að gæðum starfa þeirra verjenda sem skipaðir voru fyrir einstaklinga sem ekki höfðu efni á að ráða sér lögmann sjálfir. Væri þetta því nátengt réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi sem tryggður væri í ungerskum lögum og Mannréttindasáttmála Evrópu. Dómstóllinn taldi að gagnrýni eða tillögur til úrbóta á þjónustu, sem væri svo nátengd þessum mikilvæga rétti, hlyti að teljast eiga erindi við almenning. Taldi dómstóllinn að möguleg skerðing á einkalífi verjendanna gæti ekki vegið þyngra en áður nefndir hagsmunir almennings. Þó að samningsríki hefðu ákveðið svigrúm til mats á þessu sviði taldi dómstóllinn að ungerska ríkið hefði ekki gætt meðalhöfs.

Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 215 evrur í skaðabætur og 8.875 evrur í málskostnað.

Sex dómarar skiluðu séráliti.

M.P gegn Finnlandi

Dómur frá 15. desember 2016

Mál nr. 36487/12

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, M.P, er finnskur ríkisborgari, fædd árið 1971 og býr í Helsinki. Hún var sakfelld fyrir meiðyrði gegn barnsföður sínum með því að hafa tilkynnt félagsmálayfirvöldum að hana grunaði að hann hefði beitt dóttur þeirra kynferðisofbeldi.

Kærandi og faðir barnsins hófu sambúð 2003 en dóttir þeirra fæddist 2004. Í maí 2006 yfirgáfu kærandi og dóttir hennar föðurinn því að kærandi óttaðist um velferð þeirra þar sem hann væri ofbeldisfullur.

Í júlí 2006 krafðist faðirinn forsjár og umgengni við barnið og var foreldrunum dæmd sameiginleg forsjá 4. september 2007. Barnið átti að búa hjá móður sinni en dvelja hjá föður sínum án eftirlits aðra hverja helgi og í fríum.

Eftir þriðju dvöl barnsins hjá föður sínum, í ágúst 2007, hafði kærandi samband við barnasálfræðing þar sem hún hafði áhyggjur af breytingum á hegðun dóttur

10. gr. Tjáningarfrelsi

sinnar sem lýstu sér í grófum talsmáta, kvíða og eirðarleysi. Kærandi hafði samband við barnaverndaryfirvöld 16. ágúst 2007 og lýsti áhyggjum sínum yfir því að barnsfaðir hennar væri að misnota dóttur þeirra kynferðislega. Barnaverndaryfirvöld tilkynntu málið til lögreglu og mæltu með því að barnið myndi ekki dvelja hjá föður sínum fyrir en rannsókn væri lokið.

Rannsókninni lauk 15. október 2007 þar sem engin sýnileg sönnunargögn gátu rennt stöðum undir það að barnið hefði verið misnotað. Skömmu síðar hafði kærandi samband símleiðis við félagsráðgjafa og krafðist þess að önnur rannsókn færi fram þar sem hún taldi dóttur sína vera í hættu meðan hún dveldi hjá föður sínum án eftirlits. Félagsráðgjafinn tjáði henni að þar sem dómurinn um umgengni við föðurinn væri enn í gildi, yrði kærandi að áfrýja dómnum í stað þess að hafa samband við barnaverndaryfirvöld. Kærandi hafði engu að síður samband við barnaverndaryfirvöld í janúar 2008 og hélt því enn fram að dóttir hennar sætti kynferðislegri misnotkun og fór fram á að önnur rannsókn yrði gerð. Síðar í sama mánuði fór kærandi tvisvar með dóttur sína á bráðamóttöku til skoðunar þar sem hún átti í erfiðleikum með svefn og hagaði sér undarlega að mati kæranda, en við skoðun fundust engin merki um misnotkun. Rannsókn lögreglu var hætt af sömu ástæðum og fyrir.

Faðirinn lagði fram kæru á hendur kæranda fyrir meiðyrði, að hafa ranglega sakað hann um kynferðisofbeldi gegn dóttur þeirra. Kærandi var síðan ákærð og sakfelld fyrir meiðyrði og dæmd til greiðslu sektar og til að greiða barnsföður sínum 1.000 evrur í miskabætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið á rétti hennar skv. 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Í góðri trú hefði hún eingöngu verið að gera það sem hún taldi vera dóttur sinni fyrir bestu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ná yrði jafnvægi milli þess að vernda börn gegn mögulegri hættu og þess að vernda foreldri gegn því að vera ranglega sakað um að misnota barn sitt. Hann tók fram að vera þyrfti á varðbergi gegn því að þaggjað yrði með málaferlum niður í fólki sem í góðri trú tilkynnti áhyggjur sínar um mögulega misnotkun á barni til viðeigandi yfirvalda.

Dómstóllinn leit bæði til þess hvernig tjáningarfrelsi kæranda var takmarkað, þ.e. með því að hún var sakfelld fyrir dómi fyrir meiðyrði, svo og í hvaða samhengi tjáningin fór fram, í samtali sem fram fór í trúnaði á milli kæranda og félagsráðgjafa. Dómstóllinn taldi, gagnstætt innlendum dómstólum, að þagnarskylda félagsráðgjafans skipti máli við mat á því hvort gengið hefði verið of langt við takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda um hina mögulegu misnotkun. Dómstóllinn taldi að með því að sakfella kæranda fyrir meiðyrði hefði verið gengið of langt og meðalhófs ekki verið gætt.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Kærandi var einungis dæmd til greiðslu sektar en dómstóllinn féllst þrátt fyrir það ekki á að almannahagsmunir hefðu krafist þess að tjáningarfrelsi hennar væri takmarkað með þeim hætti sem gert var. Taldi dómstóllinn að sakfellingin hefði ekki byggst á fullnægjandi rökum, hún hefði einungis byggst á því að kærandi hefði ekki haft nægar sannanir fyrir ásökununum. Gætu þau rök ekki nægt til þess að telja að takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda teldist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Finnsk yfirvöld hefðu því ekki gætt viðunandi jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á og komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Finnska ríkinu var gert að greiða kæranda 8.001,86 evrur í skaðabætur, 5.000 evrur í miskabætur og 6.000 evrur vegna málskostnaðar.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Jeronovičs gegn Lettlandi – Yfirdeild

Dómur frá 5. júlí 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Bann við pyndingum. Handtaka. Rannsókn. Raunhæf úrræði. Endurupp-taka. Einhliða yfirlýsing.

Alimov gegn Tyrklandi

Dómur frá 6. september 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Bann við pyndingum. Brottvísun. Frelsisvipting. Útlendingar. Málsmeð-ferð. Raunhæf úrræði.

W.D. gegn Belgíu

Dómur frá 6. september 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Frelsisvipting. Heilbrigðisþjónusta. Skortur á viðeigandi meðferð. Raun-hæf úrræði. Leiðsögudómur.

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu – Yfirdeild

Dómur frá 15. desember 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Útlendingar. Vanvirðandi meðferð. Frelsisvipting. Raunhæf úrræði. Hópbrottvísun.

Lindstrand Partners Advokatbyrá AB gegn Svíþjóð

Dómur frá 20. desember 2016

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Rannsókn skattayfirvalda. Húsleit. Raunhæf úrræði.

14. gr. Bann við mismunun

Mamatas o.fl. gegn Grikklandi

Dómur frá 21. júlí 2016

Mál nr. 63066/14, 64297/14 og 66106/14

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

14. gr. Bann við mismunun

Ríkisskuldabréf. Skerðing eignarréttar. Efnahagskreppa. Svigrúm til mats.

1. Málsatvik

Kærendur eru 6320 grískir ríkisborgarar sem hver um sig átti grísk ríkisskuldabréf að andvirði allt frá 10.000 til 1.510.000 evra. Á árunum 2009–2011 lenti Grikkland í alvarlegri efnahagskreppu og varð ófært um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar. Gríska ríkið gerði samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ýmis Evrópusambandsríki þar sem bankar og önnur lánafyrirtæki sömdu um svokallaða „klippingu“ (e. *haircut*) á hlutabréf sín sem fól í sér skerðingu á eignarhlut þeirra. Í desember 2011 bauð Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gríska ríkinu að bjóða þeim einstaklingum sem áttu kröfur á hendur ríkinu að ganga að sömu samningsskilmálum. Lög voru sett til að tryggja skuldabréfin. Lögin virkjuðu einnig tiltekna reglu sem fól í sér að nóg var að $\frac{2}{3}$ þeirra einstaklinga sem áttu ríkisskuldabréf samþykktu fyrirkomulagið og myndi það þá ná til allra þeirra einstaklinga sem áttu ríkisskuldabréf. Kærendur voru í hópi þeirra sem samþykktu ekki sérstaklega umrætt samkomulag. Í stað gömlu ríkisskuldabréfanna voru gefin út ný sem voru 53,5% minna virði en þau gömlu. Í apríl 2012 höfðu kærendur mál fyrir innlendum dómstólum um ógildingu fyrirkomulagsins og héldu því fram að ákvörðunin bryti gegn friðhelgi eignarréttar þeirra en höfðu ekki árangur sem erfiði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn rétti þeirra skv. 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu. Töldu þeir að skerðing eignarhlutar þeirra í ríkisskuldabréfunum hefði í raun falið í sér sviptingu á eignum þeirra, eða til vara, falið í sér íhlutun á friðhelgi eignarréttar þeirra. Töldu þeir einnig að þeim hefði verið mismunað í bága við 14. gr. sáttmálans þar sem þeir hefðu ekki verið í sömu aðstöðu og fjármálafyrirtæki þegar samningar voru gerðir.

Niðurstæða

Um 1. gr. 1. viðauka: Þar sem ríkisskuldabréfin fólu í sér fjárhagslega inneign sem unnt var að fá greidda út var talið að um eign væri að ræða. Hins vegar höfðu lögin sem sett voru breytt því fyrirkomulagi sem til staðar var á eignunum og skert virði þeirra. Kærendur höfðu ekki samþykkt þessa breytingu og var því talið að

14. gr. Bann við mismunun

friðhelgi eignarréttar þeirra hefði verið skert. Skerðingin var byggð á lögum.

Dómstóllinn taldi að líta yrði til þeirrar erfiðu stöðu sem Grikkland stóð frammi fyrir í kjölfar efnahagshrunsins. Hefði gríska ríkinu borið skylda til að leita lausna og grípa til lögmætra aðgerða til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika. Umræddar aðgerðir minnkuðu skuldir gríska ríkisins um 107 milljarða evra og var markmið þeirra að tryggja almannahag.

Dómstóllinn tók fram að skerðing á eignum kæranda hefði numið um 53,5%. Þó yrði að líta til þess að miðað við ástandið í Grikklandi á þessum tíma hefði verið afar ólíklegt að Grikkland gæti staðið við upphaflegar skuldbindingar sínar. Jafnframt var tekið fram að bréfin höfðu þá þegar lækkað nokkuð í verði vegna efnahagshrunsins. Ef gríska ríkið hefði ekki gripið til aðgerða mætti telja að kröfurnar hefðu orðið að engu.

Dómstóllinn taldi að sú staðreynd, að kændur hefðu ekki sérstaklega samþykkt skilmála umræddra aðgerða, hefði ekki áhrif á hagsmunamatið. Þeim hefði verið gefinn kostur á að selja ríkisskuldabréfin á markaðsvirði áður en skilmálar samkomulagsins yrðu virkjaðir. Ef skilmálarnir hefðu einungis átt að ná til tiltekinna eigenda ríkisskuldabréfa hefði vissulega verið um mismunun að ræða. Í því tilviki sem hér var til umfjöllunar hefði það sama átt við um alla eigendur skuldabréfanna og hefðu stjórnvöld gripið til viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða með það fyrir augun að lækka skuldir gríska ríkisins og komast hjá því að það yrði gjaldþrota. Tók dómstóllinn fram að fjárfesting í hlutabréfum væri aldrei án áhættu og hefðu kændur mátt gera sér grein fyrir því.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að jafnræði hefði verið náð milli annars vegar einkahagsmuna og hins vegar almannahagsmuna og að ekki hefði verið gripið til óhóflegra eða ónauðsynlegra aðgerða. Hefðu grísk stjórnvöld, miðað við það svigrúm sem aðildarríkin hefðu til mats varðandi takmarkanir á eignarrétti, gripið til aðgerða sem hefðu verið í samræmi við lögmætt markmið. Því hefði ekki verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Um 14. gr.: Kændur töldu að jafnræðis hefði ekki verið gætt þar sem aðgerðirnar hefðu miðað að fjármálastofnunum og hefði einstaklingum einungis verið boðið að vera með á síðustu stundu. Töldu þeir að almenna borgara skorti sérþekkingu til að átta sig á þeirri áhættu sem falist hefði í umræddu samkomulagi.

Dómstóllinn taldi að það hefði reynst erfitt í framkvæmd ef gengið hefði verið til samninga við hvern og einn kröfuhafa ríkisins. Brýnt hefði verið að ganga frá samkomulaginu innan tiltekins tíma og of tímafrekt hefði orðið að leita uppi alla hlutaðeigandi aðila. Dómstóllinn taldi einnig að það hefði orðið flókið í framkvæmd að greina á milli fjármálafyrirtækja og einstaklinga. Mikilvægt hefði verið fyrir gríska ríkið að geta tryggt stöðugleika á markaði og var því talið að þær aðgerðir sem gripið var til hefðu verið nauðsynlegar í ljósi bágrar stöðu gríska ríkisins og að gætt hefði verið jafnræðis. Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr.

Niðurstaða dómstólsins var því á þá leið að hvorki hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka né 14. gr. sáttmálans.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Mamatas o.fl. gegn Grikklandi

Dómur frá 21. júlí 2016

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Ríkisskuldabréf. Efnahagskreppa. Meðalhóf. Svigrúm til mats.

Bélané Nagy gegn Ungverjalandi – Yfirdeild

Dómur frá 16. desember 2016

Mál nr. 53080/13

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Almannatryggingar. Örorkulífeyrir. Meðalhóf. Svigrúm til mats.

1. Málsatvik

Kærandi, Bélané Nagy, er ungverskur ríkisborgari, fæddur árið 1959. Hún var launþegi frá maí 1975 til júlí 1997 og greiddi lögbundið framlag í almannatryggingakerfið. Kærandi hafði fengið örorkubætur frá því í apríl 2001. Hafði hún uppfyllt skilyrði til bóta sem námu 67% missi vinnugetu sem höfðu verið umfram lágmarkskröfur til að hljóta örorkubætur. Hún hafði einnig starfað nægilega lengi til að eiga slíkan rétt. Heilsa hennar var endumetin á sama stigi 2003, 2006 og 2007.

Eftir breytingar á þeirri aðferð sem notuð var við að meta örorku hafði örorkuhlutfall hennar verið lækkað niður í 40% en það var undir því lágmarki sem tilskilið var til að eiga rétt á bótum. Á árinu 2010 hætti ríkið því að greiða henni örorkubætur.

Kærandi sótti á ný um að fá örorkubætur. Var örorka hennar endurmetin og talin vera 50% sem hefði leitt til þess að hún fengi örorkubætur að nýju en lagabreytingar sem tóku gildi 1. janúar 2012 komu í veg fyrir það. Lögin breyttu þeim skilyrðum sem nauðsynlegt var að uppfylla til að eiga rétt á bótum og þurfti umsækjandi að hafa átt rétt til bóta úr almannatryggingakerfinu í a.m.k. 1905 daga samfleytt síðustu fimm ár áður en umsókn var lögð fram en kærandi hafði einungis átt rétt til bóta í 947 daga. Umsókn kæranda var því hafnað og var sú ákvörðun staðfest af dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að hafa misst lífsviðurværi sitt sem hafði verið tryggt með örorkulífeyrinum þó að heilsa hennar væri jafn slæm og þegar hún var fyrst metin til örorku og hefði það því falið í sér brot gegn 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Niðurstaða

Einungis síðasta umsókn kæranda kom til skoðunar hjá Mannréttindadómstólnum þar sem sex mánaða kærufrestur til dómstólsins var liðinn hvað fyrri umsóknir varðaði.

Dómstóllinn taldi ákvæði 1. gr. 1. viðauka eiga við í málinu. Ákvörðun um að greiða kæranda bætur félli undir ákvæðið og hefði kærandi haft lögmætar væntingar til þess að hún héldi áfram að fá bæturnar greiddar svo lengi sem hún byggði við tiltekna örorku. Þessar lögmætu væntingar hennar hefðu haldið áfram eftir að greiðslum var hætt árið 2010. Kærandi hefði haldið áfram að sækjast eftir örorkubótum eftir að réttindi hennar voru dregin til baka og hefði heilsa hennar verið endurmetin nokkrum sinnum. Allt til ársins 2012 hefði hún reynt að uppfylla nauðsynleg skilyrði til að fá greiðslurnar. Þá hefði dómstóllinn sem hafnaði beiðni hennar um bætur í apríl 2011 gefið í skyn að hún gæti uppfyllt skilyrði til bóta ef heilsu hennar hrakaði en samkvæmt endurmati frá því í desember 2011 hafði heilsa hennar versnað. Yfirvöld hefðu einnig vanrækt að greiða henni endurhæfingarbætur þó að mælt hefði verið með því að hún fengi slíkar bætur enda hefði það breytt stöðu hennar samkvæmt nýju lögum. Einnig höfðu lögmætar væntingar haldið áfram þar sem hún hafði greitt til almannatrygginga í nægilega langan tíma til þess að uppfylla skilyrði til örorkubóta samkvæmt eldri lögum. Þetta þýddi að hún gat stuðst við lög in um það að hún ætti rétt á bótum ef örorka hennar yrði metin á tilteknu stigi. Þessar lögmætu væntingar hefðu jafngilt því að um hefði verið að ræða eignarrétt í skilningi 1. gr. 1. viðauka. Hún hefði verið svipt þessum eignum þegar tekin var sú ákvörðun að hún uppfyllti ekki lengur skilyrði til að fá bætur vegna nýju laganna. Því ætti 1. gr. 1. viðauka við í máli hennar.

Dómstóllinn taldi að skerðing á eignarrétti kæranda hefði verið í samræmi við lög og að hún hefði stefnt að lögmætu markmiði en lagasetningin miðað að hagræðingu í notkun almannaþjá. Dómstóllinn taldi þó að meðalhófs hefði ekki verið gætt þar sem kærandi hefði verið svipt öllum rétti sínum til bóta en ekki einungis verið gert að sæta skerðingu. Lagasetningin hefði haft afturvirk áhrif og þær reglur sem settar voru um tiltekið aðlögunartímabil hefðu ekki átt við í tilvikum kæranda. Hún tilheyrði viðkvæmum hópi, fötluðu fólki, og hefði engar aðrar tekjur. Þótt mælt hefði verið með endurhæfingu fyrir hana hefði slíkt ekki átt sér stað og henni ekki staðið til boða að fá bætur vegna endurhæfingar. Með umræddri skerðingu á eignarrétti kæranda hefði því ekki tekist að ná sanngjörnu jafnvægi á milli þeirra hagsmuna sem vógust á í málinu. Þrátt fyrir mikið svigrúm ríkja til mats á þessu sviði komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði mátt þola óhóflega einstaklingsbundna byrði sem jafngilt broti á eignarrétti hennar skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í skaðabætur, 5.000 í miskabætur og 12.795,05 evrur í málskostnað.

Sjö dómáramar skiluðu séráliti

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

Khlaifia o.fl. gegn Ítalíu – Yfirdeild

Dómur frá 15. desember 2016

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

*Útlendingar. Vanvirðandi meðferð. Frelsisvipting. Raunhæf úrræði.
Hópbrottvísun.*

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

A og B gegn Noregi

Dómur frá 15. nóvember 2016 – Yfirdeild

Mál nr. 24130/11 og 29758/1

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Tvöföld málsmeðferð vegna skattabrota. Ne bis in idem.

1. Málsatvik

Kærandur, A og B, eru norskir ríkisborgarar, fæddir 1960 og 1965. Árið 2001 stóðu kærandur ásamt fleiri aðilum að kaupum og sölu á hlutabréfum í fyrirtækjum sem skráð voru erlendis. Kærandur gáfu þær tekjur sem þeir höfðu af viðskiptunum ekki upp til skatts til norskra yfirvalda en upphæð hins ógreidda skatts var um 3,6 milljónir evra.

Árið 2005 hófu skattayfirvöld rannsókn og 25. október 2007 var gefin út ákæra á hendur samstarfsmanni A og B sem leiddi til ákæru á hendur ýmsum öðrum aðilum, m.a. A og B, fyrir meiriháttar skattsvik. Með úrskurðum skattayfirvalda var A og B gert að greiða 30% skattaálag. Þeir voru jafnframt sakfelldir fyrir sömu skattalagabrot í samhliða sakamáli.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra samkvæmt 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeir héldu því fram að þeim hefði verið refsað tvívegis fyrir sama brot. Þeir hefðu verið yfirheyrðir hjá saksóknara með réttarstöðu sakbornings og í framhaldi af því ákærðir fyrir brot á skattalögum. Skattayfirvöld hefðu svo gert þeim refsingu í formi skattaálags sem þeir greiddu og síðan hefðu þeir verið sakfelldir fyrir dómi fyrir sömu háttsemi.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að öruggasta leiðin til að tryggja að ekki væri brotið gegn 4. gr. 7. viðauka væri að eftirláta einu stjórnvaldi að bregðast við refsiverðri háttsemi. Hins vegar kæmi ákvæðið ekki í veg fyrir málsmeðferð fyrir tveimur stjórnvöldum ef ákveðin skilyrði væru uppfyllt. Ríkið yrði að sýna fram á með sannfærandi hætti að önnur málsmeðferðin væri nægilega tengd hinni, bæði efnislega og í tíma. Dómstóllinn tók fram að markmiðin sem stefnt væri að og leiðirnar til að ná þeim skyldu vera samrýmanlegar og tengdar í tíma en einnig að mögulegar afleiðingar af slíku fyrirkomulagi skyldu vera í réttu hlutfalli við brotið ásamt því að vera fyrirjácnaðlegar fyrir aðila máls.

Dómstóllinn setti fram nokkur atriði sem styðjast skyldi við til að meta hvort nægileg efnisleg tenging væri til staðar, þ.e. (i) hvort önnur málsmeðferðin væri hinni til fyllingar og einblíndi þar af leiðandi á mismunandi sjónarhorn brotsins sem

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

um ræddi, (ii) hvort hin tvöfalda málsmeðferð væri fyrirsjáanleg, bæði samkvæmt lögum og réttarframkvæmd, (iii) hvort hvor málsmeðferð um sig færi fram á þann hátt að forðast væri eftir fremsta megni að tvítaka öflun sönnunargagna og mat á þeim, helst með fullnægjandi samskiptum hlutaðeigandi yfirvalda og (iv) hvort tekið hefði verið tillit til viðurlaganna úr því máli sem lauk fyrst við úrlausn þess síðara til að koma í veg fyrir að niðurstaðan yrði hluteigandi aðila óþarflega þungbær.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að önnur málsmeðferðin yrði að vera nægilega tengd hinni í tíma í því skyni að koma í veg fyrir að aðili máls þyrfti að sæta óvissu og töfum á málsmeðferð. Því lengra sem liði á milli þess að fyrri og síðari málsmeðferð lyki því meiri kröfur væru gerðar til þess að ríkið gæti útskýrt og réttlætt tafir á málsmeðferð.

Dómstóllinn tók fram að í málum kæranda hefði norska ríkið talið nauðsynlegt að bregðast við með tvenns konar hætti, með stjórnsýsluviðurlögum og með refsingu í opinberu sakamáli. Stjórnsýsluviðurlögin hefðu þann tilgang að hafa almenn varnaðaráhrif og til að bæta fyrir þá miklu vinnu og kostnað sem skattayfirvöld legðu út í til að komast að því hverjir hefðu svikið undan skatti. Refsingunni úr sakamálinu væri bæði ætlað að hafa varnaðaráhrif og til að vera í refsingarskyni fyrir hið saknæma aðgerðarleysi og tæki mið af ágóðanum af hinni refsiverðu háttsemi. Í málum kærendanna beggja hefðu ofangreind skilyrði verið uppfyllt, þ.e. að önnur málsmeðferðin væri efnislega og í tíma nægilega tengd hinni til að teljast mynda eina heild en ekki tvær aðskildar málsmeðferðir. Tók dómstóllinn sérstaklega fram að við ákvörðun refsingar í sakamálinu hefði verið tekið tillit til þess að kærendur hefðu þegar verið beittir viðurlögum í formi skattaálags. Þá hefði hin tvöfalda málsmeðferð, ásamt hinum hugsanlegu viðurlögum, verið fyrirsjáanleg, og notast hefði verið við sömu staðreyndir í báðum tilvikum. Loks hefði hvor málsmeðferð verið nægilega tengd hinni í tíma, en meðferð refsímálsins varði í innan við tvö ár eftir að stjórnsýslumálinu lauk.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Einn dómari af sautján skilaði séráliti.